

Skýrsla stjórnar og flokksráðs

2009 – 2011

Viðauki 2: Ályktanir flokksráðs



Ályktun flokksráðs VG um ríkisstjórnarsamstarf 10.5.2009	5
Ályktun flokksráðs VG um markmið fjárlaga 28.8.2009	5
Ályktun flokksráðs VG um kynjajafnrétti 28.8.2009.....	5
Ályktun flokksráðs VG um orkumál og umhverfis- og auðlindavernd 28.8.2009.....	6
Ályktun flokksráðs VG um sameiginlega eign auðlinda 28.8.2009.....	7
Ályktun flokksráðs VG um endurskoðun raforkulaga 28.8.2009.....	8
Ályktun flokksráðs VG um velferð og menntun 28.8.2009	8
Ályktun flokksráðs VG um grunnet fjarskipta 28.8.2009.....	8
Ályktun flokksráðs VG um grunngildi VG í ríkisstjórn 16.1.2010.....	8
Ályktun flokksráðs VG um fjölmiðla 16.1.2010	9
Ályktun flokksráðs VG um grunnet símans 16.1.2010	10
Ályktun flokksráðs VG um orkufyrirtæki í almenningseigu 16.1.2010.....	10
Ályktun flokksráðs VG um lagasetningu um tryggt eignarhald á auðlindum 16.1.2010.....	10
Ályktun flokksráðs VG um mótmæli við einkarekstri í heilbrigðiskerfinu 16.1.2010.....	10
Ályktun flokksráðs VG um landbúnað og sjálfbærni 16.1.2010	11
Ályktun flokksráðs VG um farfuglasamning 16.1.2010	11
Ályktun flokksráðs VG um enduheimt á votlendi 16.1.2010.....	11
Ályktun flokksráðs VG um frjáls félagasamtök á sviði umhverfismála 16.1.2010.....	11
Ályktun flokksráðs VG um endurskoðun stjórnarráðsins 16.1.2010.....	12
Ályktun flokksráðs VG um aukið lýðræði, gagnsæi og bætta stjórnsýslu 16.1.2010	12
Ályktun flokksráðs VG um atvinnumál 16. 1. 2010	12
Ályktun flokksráðs VG um ESB 16.1.2010	13
Ályktun flokksráðs VG um hernaðarmál 16.1.2010.....	13
Ályktun flokksráðs VG um sparisjóði 16.1.2010.....	13
Ályktun flokksráðs VG um öfluga heilbrigðisþjónustu og heilsugæslu um land allt 16.1.2010	14
Vísad til stjórnar: Ályktun flokksráðs VG um að gætt verði að jafnræði kynjanna við uppröðun á lista fyrir kosningar 16.1.2010.....	15
Vísad til stjórnar: Ályktun flokksráðs VG um stefnuyfirlýsingu VG 16.1.2010	15
Vísad til stjórnar: Ályktun flokksráðs VG um aukna samvinnu 16.1.2010.....	15
Vísad til stjórnar: Ályktun flokksráðs VG um fjölskyldustefnu og forræðismál 16.1.2010.....	16
Vísad til sveitastjórnarhóps: Ályktun flokksráðs VG um heimildir sveitarfélaga 16.1.2010.....	16
Vísad til sveitastjórnarhóps: Ályktun flokksráðs VG um skuldastöðu sveitarfélaga 16.1.2010.....	16
Vísad til sveitastjórnarhóps: Ályktun flokksráðs VG um skattamál sveitarfélaga 16.1.2010	17
Vísad til sveitastjórnarhóps: Ályktun flokksráðs VG um félagslegt húsnæði 16.1.2010	17
Vísad til stjórnar sem skipi starfshóp um uppbyggingu og hlutverk fjármálastofnana og skili fyrir næsta flokksráðsfund: Ályktun flokksráðs VG um stjórnun Landsbankans 16.1.2010	17
Vísad til stjórnar sem skipi starfshóp um uppbyggingu og hlutverk fjármálastofnana og skili fyrir næsta flokksráðsfund: Ályktun flokksráðs VG um friðhelgan framfærslugrunn 16.1.2010.....	17
Vísad til stjórnar sem skipi starfshóp um uppbyggingu og hlutverk fjármálastofnana og skili fyrir næsta flokksráðsfund: Ályktun flokksráðs VG um afnám verðtryggingar 16.1.2010.....	17

Vísad til stjórnar sem skipi starfshóp um uppbyggingu og hlutverk fjármálastofnana og skili fyrir næsta flokksráðsfund: Ályktun flokksráðs VG um samningsveð 16.1.2010.....	18
Vísad til stjórnar sem skipi starfshóp um uppbyggingu og hlutverk fjármálastofnana og skili fyrir næsta flokksráðsfund: Ályktun flokksráðs VG um samningsrétt hagsmunasamtaka 16.1.2010	18
Vísad til stjórnar sem skipi starfshóp um uppbyggingu og hlutverk fjármálastofnana og skili fyrir næsta flokksráðsfund: Ályktun flokksráðs VG um að skuldarar njóti afsláttá 16.1.2010	18
Vísad til stjórnar sem skipi starfshóp um uppbyggingu og hlutverk fjármálastofnana og skili fyrir næsta flokksráðsfund: Ályktun flokksráðs VG um að ríkið ábyrgist eingöngu ríkisbanka 16.1.2010	18
Vísad til stjórnar sem skipi starfshóp um uppbyggingu og hlutverk fjármálastofnana og skili fyrir næsta flokksráðsfund: Ályktun flokksráðs VG um að hætta samstarfi við AGS 16.1.2010	18
Vísad til stjórnar sem skipi starfshóp um uppbyggingu og hlutverk fjármálastofnana og skili fyrir næsta flokksráðsfund: Ályktun flokksráðs VG um að ekki verði samið við útrásarvíkinga um ný viðskipti 16.1.2010	19
Ályktun flokksráðs VG um efnahagsaðgerðir 26.6.2010	19
Ályktun flokksráðs VG um auðlindir í almannaeigu 26.6.2010	20
Ályktun flokksráðs VG um skýrslu rannsóknarnefndar 26.6.2010	20
Ályktun flokksráðs VG um vinnulag innan flokksins 26.6.2010	21
Ályktun flokksráðs VG um ákætur fyrir árás á Alþingi 26.6.2010.....	21
Ályktun flokksráðs VG um skipan dómara 26.6.2010.....	21
Ályktun flokksráðs VG um stjórnmalasamband við Ísrael 26.6.2010	21
Ályktun flokksráðs VG um frið og afvopnun 26.6.2010.....	22
Ályktun flokksráðs VG um nýtingu sjávarauðlinda 26.6.2010.....	22
Ályktun flokksráðs VG um Alþjóðagjaldeyrissjóðinn 26.6.2010	22
Ályktun flokksráðs VG um hjúskaparlög 26.6.2010.....	23
Ályktun flokksráðs VG um Orkuveitu Reykjavíkur 26.6.2010.....	23
Ályktun flokksráðs VG um stjórnlagáþing 26.6.2010	23
Ályktun flokksráðs VG um ESB 26.6.2010	23
Ályktun um stuðning við ríkisstjórnina 20.11.2010.....	24
HS Orka komist aftur í almenningseigu og sala hennar verði rannsökuð 20.11.2010	24
Ályktun um íslenska háskólakerfið 20.11.2010	24
Ekkert hermang á okkar vakt! 20.11.2010	24
Ályktun gegn fátækt 20.11.2010	25
Gagnsætt bankakerfi – burt með verðtryggingu – þak á vexti 20.11.2010.....	25
Ljósmeðraþjónusta við allar barnshafandi konur tryggð 20.11.2010	25
Kynferðisbrotadeild verði starfi sínu vaxin 20.11.2010.....	25
Vændiskaupendur nafngreindir 20.11.2010	26
Ályktun um tekjustofna sveitarfélaga 20.11.2010	26
Ályktun um stjórnarsamstarfið, efnahagsmál og ESB 20.11.2010	26
Saksókn gegn níumeningum falli niður 20.11.2010	27
Niðurskurður í heilbrigðisþjónustu verði endurskoðaður 20.11.2010.....	27

Vísad til stjórnar 20.11.2010: Landsfundur	28
Vísad til þingflokks 20.11.2010: Rammi fjárlaga verði endurskoðaður.....	28
Ályktun um stuðning við ríkisstjórnina 21.5.2011.....	28
Ályktun vegna hernaðaraðgerða NATO í Líbú 21.5.2011	29
Skipun nefndar sem endurskoði skipulag VG 21.5.2011.....	30
Einarður stuðningur flokksráðs VG við ríkisstjórn vinstriflokkanna 21.5.2011	30
Stuðningur við almenningssamgöngur 21.5.2011.....	30
Vísad til nefndar um skipulag VG ásamt breytingartillögum sem bárust: Vegur lýðræðis er eini færi vegurinn til farsællar framtíðar 21.5.2011	30
Ályktun um stuðning við ríkisstjórnina 27.8.2011.....	30
Ályktun um náttúruvernd og Rammaáætlun 27.8.2011	31
Stjórnsýsla umhverfis- og auðlindamála 27.8.2011	32
Ályktun um loftárásir NATO á Líbú 27.8.2011	32
Kjörnir fulltrúar VG standi vörð um velferðarþjónustu 27.8.2011.....	32
Ályktun um flóttamenn og hælisleitendur 27.8.2011	33
Ályktun um dýralæknþjónustu 27.8.2011	33
Hitaveita Suðurnesja í almannaeigu 27.8.2011.....	34
Ályktun um húsnæðismál – vísad til stjórnar til undirbúnings fyrir landsfund 27.8.2011	34
Ályktun um barnalagafrumvarp – vísad til stjórnar til undirbúnings fyrir landsfund 27.8.2011.....	34
Ályktun um fjármálastofnanir – vísad til stjórnar til undirbúnings fyrir landsfund 27.8.2011.....	34
Ályktun um verndun lífríkis Faxaflóa – vísad til starfshóps um Græna framtíð til undirbúnings fyrir landsfund 27.8.2011.....	34
Um orkusparandi umferðalög og gatnakerfi – vísad til starfshóps um Græna framtíð til undirbúnings fyrir landsfund 27.8.2011 (hraðahindranir versus hraðastýrur)	35
Frá Stjórn VG á Suðurnesjum – vísad til þingflokks í ljósi þess að rannsókn hefur nú þegar verið samþykkt á falli Sparisjóðanna 27.8.2011	35
Frá Stjórn VG á Suðurnesjum – vísad til stjórnar 27.8.2011.....	35

Ályktun flokksráðs VG um ríkisstjórnarsamstarf 10.5.2009

Flokksráð VG mælir með því að mynduð verði ríkisstjórn Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs og Samfylkingarinnar á grundvelli þeirrar samstarfsyfirlýsingar sem fyrir liggur.

Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs beinir þeim tilmælum til formanns flokksins að tryggja jöfn kynjahlutföll í nýrri ríkisstjórn.

Ályktun flokksráðs VG um markmið fjárlaga 28.8.2009

Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs hvetur þingflokkinn til að hafa eftirfarandi hluti sem markmið þegar kemur að samningu fjárlaga:

- Að leita aðstoðar grasrótar og sérfræðinga frá byrjun ferilsins, til dæmis með stofnun bakhóps sem gæti aðstoðað fulltrúa VG í fjárlaganefnd.
- Að samningaferli fjárlaga verði eins opið og kostur er, t.d. að haldnir verði opnir kynningarfundir, nauðsynleg gögn liggja frammi frá upphafi og opinni umræðu um þær málamiðlanir sem reynast nauðsynlegar til að ná meirihluta á bak við fjárlögin.
- Að auknar álögur verði fyrst og fremst lagðar á þann hluta samfélagsins sem stendur undir frekari álögum, t.d. með stighækkandi hátekjuskatti, þrepaskiptum stóreignar- og erfðarskatti og skattlagningu fjármagnstekna til jafns við launatekjur.
- Að leggja höfuðáherslu á að verja grunnstoðir velferðarkerfisins.
- Að niðurskurður auki ekki atvinnuleysi.
- Að kynjaðri hagstjórn verði beitt svo kvennastörfum í velferðarkerfinu verði ekki fórnað til að skapa karlastörf með verklegum framkvæmdum.
- Að sala á ríkisfyrirtækjum verði ekki notuð til að hylja halla á ríkissjóði eins og gert var í tíð fyrri ríkisstjórna.
- Að fyrir liggji og kynnt almenningi hvaða fyrirmæli eða rammi liggur fyrir frá Alþjóða gjaldeyrissjóðnum og hvaða afstöðu þingflokkurinn hefur til þeirra skilyrða.

Að tekið verði tillit til byggðalaga sem á góðæristímanum bjuggu við neikvæðan hagvöxt og mikla fólks fækkun við óhjákvæmilegan niðurskurð ríkisútgjalda.

Ályktun flokksráðs VG um kynjajafnrétti 28.8.2009

Flokksráðsfundur Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs, haldinn á Hvolsvelli dagana 28.-29. ágúst 2009, ítrekar mikilvægi þess að kynjasjónarmið séu höfð að leiðarljósi við alla ákvarðanatöku. Endurmótun íslensks samfélags getur ekki farið fram öðruvísi en með aðkomu beggja kynja.

Fundurinn lýsir yfir áhyggjum sínum af þróun atvinnuleysis þar sem konur í mikilvægum störfum innan velferðar- og menntakerfisins bætast sífellt í hóp atvinnulausra. Í ljósi sögunnar kemur þessi þróun ekki á óvart en langvarandi kreppur leiða oft til þess að konur missa vinnu á meðan karlar halda sínum störfum eða þá að ráðist er í átak með það að markmiði að búa til störf fyrir þá.

Viðbrögð stjórnvalda verða því að byggja á kynjasjónarmiðum og atvinnuskapandi verkefni verða að vera fjölbreytt og taka mið af ólíku starfsvali og starfsmöguleikum kynjanna. Ella er hætta á miklu bakslagi í jafnréttismálum.

Vinnuframlag kvenna er stærsta stoð mennta- og velferðarkerfisins og án þeirra starfskrafta er ekki unnt að reka velferðarsamfélag. Velferðin er forsenda kvenfrelsis, enda ljóst að sú þjónusta sem nú er fyrir hendi af hálfu hins opinbera er þjónusta sem konur veittu áður inni á heimilunum. Á meðan

verkaskipting á heimilum er eins ójöfn og raun ber vitni er ljóst að niðurskurður velferðarþjónustu bitnar á frelsi og möguleikum kvenna í meiri mæli en karla.

Kynjamisrétti á sér enn ljótari birtingarmyndir og rannsóknir benda til þess að kynbundið ofbeldi, klám og vændi aukist þegar kreppir að. Stjórnvöld verða því á öllum stigum að vera meðvituð um kynbundið ofbeldi sem afleiðingu kynjamisréttis, efla forvarnir og úrræði eins og framast er unnt.

Þá áréttar fundurinn mikilvægi þess að skoða veika efnahagslega stöðu ólíkra hópa í samfélaginu með kynjasjónarmið að leiðarljósi, enda ljóst að staða kvenna og karla innan afmarkaðra hópa er alls ekki jöfn. Efnahagsleg staða kvenna á eftirlaunaaldri endurspeglar t.d. þá staðreynd að launamisrétti kynjanna fylgir konum til æviloka. Um þetta bera kyngreindar tölur um lífeyrisgreiðslur Tryggingastofnunar órækt vitni. Þær sýna að konur eru með mun lakari lífeyrissjóðsréttindi en karlar og þar af leiðandi í miklu ríkari mæli háðar bótagreiðslum Tryggingarstofnunar. Aldraðar konur eru því mun líklegri en aldraðir karlar til að vera fangar í fátæktargildru opinberrar framfærslu. Að sama skapi er brýnt að hlutar kvenna á landsbyggðinni sé gætt. Kannanir sýna að kynbundinn launamunur er umalsvert meiri úti á landi en á höfuðborgarsvæðinu. Á tímum samdráttar er enn mikilvægara en áður að launum landsbyggðarkvenna sé ekki haldið niðri og ójöfnuði vegna búsetu þannig viðhaldið.

Fundurinn ítrekar mikilvægi þess að lýðræði verði aðeins tryggt með þátttöku beggja kynja. Framkomið frumvarp um persónukjör sem nú liggur fyrir verður að skoða með kvenfrelsi í huga. Persónukjör má undir engum kringumstæðum leiða til þess að hlutur kvenna í áhrifastöðum minnki.

Ríkisstjórnarflokkarnir eru sammála um grundvallaratriði í kvenfrelismálum og hafa báðir í ræðu og riti lagt ríka áherslu á jafna stöðu kynjanna. Flokksráðsfundur Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs hvetur því ríkisstjórnina til að flétta kynjasjónarmið inn í alla ákvarðanatöku í því verkefni sem hún var myндуð utan um; að verja velferðina.

Ályktun flokksráðs VG um orkumál og umhverfis- og auðlindavernd 28.8.2009

Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs, haldinn 28.–29. ágúst 2009, minnir á þann grundvallarvanda sem blasir við jarðarbúum í umhverfis- og auðlindamálum. Hlýnun lofthjúpsins af mannavöldum og óheillavænlegar breytingar á vistkerfum jarðar kalla á róttæk umskipti í orkunotkun og nýtingu takmarkaðra auðlinda. Olíulindir fara þverrandi á næstu áratugum sem óhjákvæmilega mun valda stighækkandi heimsmarkaðsverði á orku. Vinna þarf því á markvissan hátt gegn orkusóun og leggja áherslu á vistvæna og endurnýjanlega orkugjafa.

Umgangast verður af framsýni og með ríku tilliti til verndunar umhverfis og náttúru þær auðlindir sem Íslendingar eiga í vatnsafli og jarðvarma. Með Ríó-yfirlýsingunni undirgengumst við ásamt öðrum þjóðum að gæta varúðar við hagnýtingu þessara auðlinda.

Í samstarfsyfirlýsingu stjórnarflokkanna frá í maí 2009 er kveðið á um, að „við orkuframleiðslu með vatnsafli og jarðvarma verði gætt varúðar- og verndarsjónarmiða“ svo og að í heildstæðri orkustefnu sem nýskipuðum stýrihópi er ætlað að vinna að „verði sjálfbær nýting höfð að leiðarljósi sem forðast m.a. ágenga nýtingu á jarðhitasvæðum.“ Í því sambandi ber að hafa í huga að raforkuframleiðsla með jarðvarma nýtir einungis um 12% varmans og að árangur af niðurdælingu er enn sem komið er mikilli óvissu háður. Við slíkar aðstæður samrýmist stórtæk raforkuframleiðsla á háhitasvæðum ekki markmiðinu um sjálfbæra þróun. Flokksráðsfundurinn leggur áherslu á að orkufyrirtækjum verði gert

skylt að tryggja sjálfbæran rekstur þeirra svæða sem þegar hefur verið raskað áður en sótt verði inn á ný og ósnortin jarðhitasvæði.

Samstarfsyfirlýsing stjórnarflokkanna gerir ráð fyrir að Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma verði lögð fyrir Alþingi á komandi vetri og fái síðan lögformlega stöðu í stjórnkerfinu. Flokksráðsfundurinn áréttar að vanda verði til þessa verks og nægur tími þurfi að gefast til að ljúka því sómasamlega. Því beinir fundurinn því til ríkisstjórnarinnar að fyrirhuguð skil af hálfu verkefnisstjórnar Rammaáætlunar verði framlengd um a.m.k. eitt ár og aukið svigrúm nýtt til að afla gagna um þá þætti þar sem upplýsingar einkum vantar. Rammaáætlunina ber m.a. að fella að boðaðri stefnu um landslagsskipulag og hún þarf að verða hluti af víðtækri náttúruverndaráætlun og taka mið af væntanlegum vatnalögum.

Enn fremur ítrekar fundurinn mikilvægi þess að ný náttúruverndaráætlun verði samþykkt sem fyrst og að ríkisstjórn Vinstrihreyfingarinnar–græns framboðs og Samfylkingarinnar leggi fram hugmyndir um framtíðarsýn í náttúruvernd og auðlindanýtingu. Þar verði áhersla lögð á almannaeign auðlinda, lykilhutverk nýs umhverfis- og auðlindaráðuneytis, umhverfisvæna nýtingu og forgangsröðun í þágu náttúrunnar.

Flokksráð VG minnir á að stjórnarsáttmálinn gerir ekki ráð fyrir að teknar verði neinar frekari ákvarðanir tengdar virkjun neðrihluta Þjórsár áður en rammaáætlun hefur fengið lögformlega afgreiðslu. Í samræmi við stefnu Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs lýsir flokksráðsfundurinn sig andvígán fyrirbyggjandi virkjunaráformum á þessu svæði og felur þingflokki og ráðherrum VG að sjá til þess að ekki verði í þær ráðist.

Flokksráðið fagnar því að á vegum umhverfisráðuneytis er vinna hafin að stækkun friðlandsins í Þjórsárverum. Telur flokksráðið rétt að Þjórsárver verði í framtíðinni hluti af enn stærra friðlýstu svæði er taki til alls Hofsjökuls með umhverfi hans, að meðtöldu m.a. friðlandinu í Guðlaugstungum, upptakasvæðum jökulsána í Skagafirði svo og Kerlingarfjöllum sem lengi hafa verið á náttúruminjaskrá.

Flokksráðið tekur eindregið undir tillögur náttúruverndarsamtaka um friðlýsingu Gjástykkis í Þingeyjasýslu og stofnun eldfjallafræðagarðs.

Fundurinn beinir því til ríkis og sveitarfélaga að standa vörð um friðlýst svæði í náttúru Íslands og tryggja að þeim verði ekki raskað í þágu orkuvinnslu og að sameign þjóðarinnar á orkuauðlindum innan íslenskrar efnahagslögsögu verði tryggð. Yfirumsjón með vernd og viðgangi náttúruauðlindanna og umsýslu með Rammaáætlun þarf sem fyrst að fela nýju umhverfis- og auðlindaráðuneyti eins og kveðið er á um í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Ályktun flokksráðs VG um sameiginlega eign auðlinda 28.8.2009

Flokksráðsfundur VG, haldinn á Hvolsvelli dagana 28.-29. ágúst 2009, leggst eindregið gegn því að lausafjárbandi samfélagsins verði leystur með sölu eða langtímaframsali á auðlindum og orkufyrirtækjum.

Í þeirri vá sem nú vofir yfir þar sem Magma Energy og GGE eru nálægt því að eignast þriðja stærsta orkufyrirtæki landsins og auðlindir á Reykjanesi er það brýnna en nokkru sinni fyrr að Vinstri græn stöðvi þessi áform. Flokksráðið beinir því til ráðherra sinna, þingmanna og sveitarstjórnarmanna að tryggja hagsmuni þjóðarinnar með því að halda HS orku í samfélagslegri eigu. Aðeins þannig er hægt

að tryggja að Hitaveita Suðurnesja var stofnuð um, árið 1974. Ljóst er að ekki er seinna vænna að breyta lögum og reglugerðum þannig að almannahagsmunir séu varðir og að samfélagslegt eignarhald orkufyrirtækja og orkuauðlinda sé tryggt.

Ályktun flokksráðs VG um endurskoðun raforkulaga 28.8.2009

Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn á Hvolsvelli 28.-29. Ágúst 2009 skorar á Alþingi og ríkisstjórn að endurskoða raforkulög þar sem horfið verði frá núverandi hugmyndafræði sem eingöngu hefur skilað óhagræðingu, slakari þjónustu og hærra verði til neytenda. Jafnframt verði hætt við markaðsvæðingu orku- og dreifikerfanna og tryggt að þau verði í almannaeign um alla framtíð

Ályktun flokksráðs VG um velferð og menntun 28.8.2009

Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar–græns framboðs, haldinn á Hvolsvelli dagana 28.–29. ágúst leggur áherslu á mikilvægi þess að ríkisstjórn Vinstrihreyfingarinnar–græns framboðs og Samfylkingarinnar forgangsraði í þágu velferðar og menntunar í þeim erfiðu efnahagsaðgerðum sem framundan eru.

Ljóst má vera að staða ríkisfjármála verður erfið á næstu árum og draga verður úr ríkisútgjöldum á sama tíma og álag verður mikið á heilbrigðisþjónustu, félagslegt kerfi og skóla landsins. Á slíkum tímum er mikilvægt að þessum undirstöðum samfélagsins verði hlíft eftir fremsta megni og niðurskurður bitni sem minnst á þessari starfsemi.

Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar–græns framboðs áréttar stuðning sinn við ríkisstjórnina og telur að núverandi stjórnarflokkum sé best treystandi til að halda utan um samfélagið við erfiðar og fordæmislausar aðstæður.

Ályktun flokksráðs VG um grunnet fjarskipta 28.8.2009

Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn á Hvolsvelli 28.-29. ágúst 2009 skorar á Alþingi og ríkisstjórn að beita sér fyrir því að grunnet fjarskipta verði að nýju í eigu þjóðarinnar.

Ályktun flokksráðs VG um grunngildi VG í ríkisstjórn 16.1.2010

Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn á Akureyri 15.-16. Janúar lýsir yfir fullum stuðningi við störf ríkisstjórnar Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs og Samfylkingar og telur áframhaldandi ríkisstjórnarsamstarf flokkanna vera kjölfestu fyrir samfélagið í gegnum erfiða tíma.

Meginverkefni núverandi ríkisstjórnar er uppgjör vegna hrunsins og endurmótun íslensks efnahagskerfis með velferðarsamfélag í anda hinna norrænu velferðarsamfélaga að leiðarljósi. Tryggja verður að á næstu árum verði í stjórnarráði landsins stjórn sem kennir sig við velferð og að óheftri frjálshyggju síðustu 18 ára verði úthýst til frambúðar.

Hrun bankakerfisins haustið 2008 skildi eftir risavaxin og fordæmalaus úrlausnarefni fyrir íslenskt samfélag að takast á við. Í Alþingiskosningum sem fram fóru í apríl sl. veittu kjósendur minnihlutaríkisstjórn Vinstrihreyfingunni – grænu framboði og Samfylkingunni fullt umboð til þess leiða áfram vinnu við úrlausn þeirra. Nú þegar hefur meirihluti þessara flokka náð miklum árangri á skömmum tíma við afar erfiðar aðstæður í þeim endurreisnarstörfum sem hún var kosin til. Má þar

nefna hækkun vaxtabóta, heimild til útgreiðslu séreignasparnaðar, frestun allra nauðungaruppboða auk fjölbreyttra úrræða fyrir þá sem glíma við greiðsluferfiðleika. Þá hefur verið lögð áhersla á að efla og auka trúverðugleika eftirlitsstofnanna, t.d. með nýrri og faglegri yfirstjórn í Seðlabankanum og Fjármálaeftirlitinu og vinnu við breytingu laga um fjármálaþyrtingu auk þess að stórefla embætti sérstaks saksóknara. Endurreisn bankakerfisins hefur verið lokið á mun hagstæðari hátt fyrir ríkissjóð en nokkurn hafði óráð fyrir, með 250 milljörðum króna minni beinum fjárútlátum en áætlað hafði verið. Einnig hefur tekist að koma böndum á ríkisfjármálin þannig að afkoma ríkissjóðs er mun betri en á horfðist. Auk þessa hefur tekist að tryggja þau lán sem þurfti til að styrkja gjaldeyrisvaraförða Seðlabankans.

Mikilvægt er þó að hafa í huga að verkefnið er tímafrekt, að góðir hlutir gerast hægt, og að flokkurinn mun þurfa á öllu sínu þreki og samstöðu að halda í baráttunni fyrir réttlátara samfélagi. Ekki má gleyma því að oft eru á því skiptar skoðanir hvernig best verði á málum haldið en mestu skiptir að sú lýðræðislega umræða verði til að styrkja hreyfinguna á erfiðum tímum og að ríkisstjórnin haldi ótrauð áfram með sín meginmarkmið að leiðarljósi.

Í tíð ríkisstjórnarinnar hafa ýmiss framfaramál náð fram að ganga sem ekki hefði orðið án þátttöku Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs ríkisstjórn og því ber að að fagna. Skal þar fyrst nefnt afnám hinna alræmdu eftirlaunalaga sem og nýtt tekjuskattskerfi sem mun verja hina tekjulægstu fyrir skattahækkunum og dreifa byrðunum á réttlátari hátt en áður. Þá má einnig nefna jöfn hlutföll kynja í ríkisstjórn, hærri grunframfærslu námslána, skýra og metnaðarfulla stefnu í loftslagsmálum, kaup á vændi hafa verið bönnuð, stækkun friðlandsins í Þjórásarverum hefur verið samþykkt, lög sem bæta stöðu sprotafyrirtækja hafa verið samþykkt, ákveðið hefur verið að leggja niður Varnarmálastofnun og svona mætti lengi telja.

Í því endurmótunarstarfi sem flokkurinn tekur þátt í eiga þau gildi sem flokkurinn leggur til grundvallar samfélaginu: félagslegt réttlæti, friðarstefnu, kvenfrelsi og umhverfisvernd í anda sjálfbærrar þróunar að liggja til grundvallar. Með þeim hætti verður hægt að reisa nýtt Ísland.

Flokksráðfundur lýsir yfir fullu trausti á að ráðherrar og aðrir kjörnir fulltrúar hreyfingarinnar haldi áfram að takast á við erfið verkefni af festu og með grunngildi Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs að leiðarljósi.

Ályktun flokksráðs VG um fjölmiðla 16.1.2010

Flokksráðsfundur Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs, haldinn á Akureyri 15.-16. janúar 2010, lýsir yfir þungum áhyggjum af stöðu fjölmiðla á Íslandi. Mikill samdráttur á fjölmiðlamarkaði hefur leitt til þess að blaðamönnum er sniðinn óheyrilega þröngur stakkur. Álag á fjölmiðlum er mikið og þeir blaðamenn sem enn ekki hafa orðið niðurskurðarhnífnum að bráð búa við mikið atvinnuóryggi, sem aftur leiðir til þess að þeir geta átt erfitt með að standa vörð um sjálfstæði sitt gagnvart yfirmönnum sínum og eigendum fjölmiðlanna, bæði varðandi efnistöð og óraunhæfar kröfur um vinnutíma og afköst. Fjölmiðlum er nú grímulaust beitt sem áróðurstækjum eigenda sinna. Ráðning ritstjóra Morgunblaðsins og sviptingar í mannahaldi þar og á fleiri miðlum eru skólabókardæmi um slíkt. Rekstur og tilgangur 365 miðla er illskiljanlegur í ljósi hrunsins og framtíð allra miðla óviss.

Ljóst er að mikið bakslag hefur orðið í jafnréttismálum innan fjölmiðlanna. Hæfum og reyndum konum hefur verið sagt upp störfum á sama tíma og karlar með minni reyndu og menntun eru keyptir milli miðla. Skortur á konum í fjölmiðlastétt leiðir einnig til þess að konum fækkar í hópi

viðmælenda fjölmiðla, sem er háalvarlegt á tímum sem þessum þegar endurmótun íslensks samfélags á sér stað. Konur verða að vera þátttakendur í henni til jafns á við karla.

Þá hefur bæði núverandi og fyrrverandi formanni Blaðamannafélags Íslands og varaformanni félagsins, sem allar eru konur, verið sagt upp störfum með stuttu millibili. Á sama tíma voru aðrir blaðamenn, allt karlar, ráðnir til starfa á viðkomandi fjölmiðlum. Þetta eru ekki góð skilaboð til stéttarinnar og stéttarbaráttu blaðamanna. Vinstri græn hvetja fag- og stéttarfélag blaðamanna til dáða í baráttu fyrir frjálsri fjölmiðlun á Íslandi, enda er hún hornsteinn lýðræðisins og tjáningarfrelsisins. Blaðamönnum verður að tryggja uppsagnarvernd með lögum, svo öflug, gagnrýnin blaðamennska hætti að vera ávísun á brottrekstur, eins og nú hefur verið raunin. Einnig þarf aukna lagavernd fyrir þá sem veljast til trúnaðarstarfa fyrir stéttina.

Flokksráðsfundur Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs áréttar mikilvægi þess að stjórnvöld geri allt sem í þeirra valdi stendur til að búa svo um hnútana að hér geti frjálsir fjölmiðlar þrífist. Að sama skapi er mikilvægt að standa vörð um sjálfstæði Ríkisútvarpsins og það hlutverk sem því er ætlað í íslensku samfélagi. Lagaumgjörð, stjórnun og rekstrarfyrirkomulag sem nú gildir um RÚV, hefur ekki tryggt hlutverk miðilsins, sem virðist undir sömu sök seldur og aðrir miðlar. Stjórnendur RÚV hafa heldur ekki borið gæfu til að skilja hlutverk stofnunarinnar. Áherslan er áfram á ungar, vellaunaðar sjónvarpsstjórnur, forstjóraun og jeppa, og niðurskurðartillögur ganga helst út á tilraunir til að losna við láglaunaða, reynda útvarpsmenn, sem ætti að öðrum ólöstuðum helst að halda í.

Flokksráðsfundur Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs hvetur ráðherra flokksins og þingmenn til áframhaldandi baráttu í þágu góðrar og frjálsrar fjölmiðlunar á Íslandi. Nú þarf að lyfta grettistaki. Nú þarf róttækni.

Ályktun flokksráðs VG um grunnet símans 16.1.2010

Flokksráðstefna haldinn á Akureyri 15. og 16. janúar 2010, beinir því til ríkisstjórnarinnar að leitað verði leiða til þess að ríkið eignist Mílu, grunnet Símanns.

Ályktun flokksráðs VG um orkufyrirtæki í almenningseigu 16.1.2010

Flokksráð ályktar að öll stærri orkufyrirtæki landsins skuli vera í almenningseigu og hvetur fulltrúa sína og flokksfélag til að vinna að því.

Ályktun flokksráðs VG um lagasetningu um tryggt eignarhald á auðlindum 16.1.2010

Flokksráð samþykkir að beina því til ríkisstjórnarinnar að hefja markvissan undirbúning að lagasetningu sem tryggi eignarhald þjóðarinnar á auðlindum sínum til lands og sjávar. Þessu verki verði flýtt sem nokkur kostur er. Áform um endurmótun efnahagslífsins taki mið af því að ekki þurfi að koma til fórnir auðlinda og náttúruperlna til að bjarga þjóðinni út úr kreppunni.

Ályktun flokksráðs VG um mótmæli við einkarekstri í heilbrigðiskerfinu 16.1.2010

Flokksráð fordæmir alla tilburði í átt til einkavæðingar í heilbrigðiskerfinu og undrast þá ákvörðun að bjóða eigi út rekstur á nýju hjúkrunarheimili við Suðurlandsbraut sem tekur við sameinaðri starfsemi á hjúkrunarheimilunum á Vífilsstöðum og Víðinesi sem á að loka. Þá ítrekar flokksráðið andstöðu sína við hugmyndir um einkarekin sjúkrahús eins og t.d. hafa komið fram í Mosfellsbæ. Einkarekstur heilbrigðisstofnanna er andstætt stefnu Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs og það er því samkvæmt stefnu flokksins sem flokksráð fordæmir slíkar áætlanir. Flokksráð krefst því að fulltrúar

flokksins í ríkisstjórn komi í veg fyrir útboð og rekstur af þessu tagi. Flokksráð Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs leggur áherslu á að heilbrigðisstofnanir landsins eigi að vera reknar af hinu opinbera.

Ályktun flokksráðs VG um landbúnað og sjálfbærni 16.1.2010

Flokksráðsfundur VG haldinn á Akureyri 15.-16. janúar 2010 beinir því til ráðherra og þingmanna flokksins að beita sér af alefli fyrir þeim stefnumálum flokksins að tryggja sem best fæðuöryggi þjóðarinnar og eflingu lífræns landbúnaðar og stuðla jafnframt að því að ávallt sé sjálfbærni höfð að leiðarljósi við atvinnusköpun og orkunýtingu í landinu.

Greinargerð: Saga síðustu msissera sýnir að umræða um fæðuöryggi er fullkomlega eðlileg. Jafnframt hefur þjóðin upplifað að það er ekki sjálfgefið að ávallt sé tryggur aðgangur að fæðu. Því þarf að skapa landbúnaðinum og úrvinnslugreinum hans þá stöðu að geta þróast og þroskast eins og samfélaginu er fyrir bestu.

Tryggja þarf að lífrænum landbúnaði séu sköpuð eðlileg skilyrði til að þróast með líkum hætti og hefur verið að gerast í þeim löndum sem lengst eru komin í þessum málum.

Til framtíðar er þjóðinni nauðsyn að lögð verði meiri áhersla á sjónarmið sjálfbærrar þróunar í atvinnusköpun.

Ályktun flokksráðs VG um farfuglasamning 16.1.2010

Flokksráðsfundur VG 15.-16. janúar 2010 haldinn á Akureyri skorar á umhverfisráðherra að vinna að því að Ísland gerist aðili að „African Eurasian waterbird agreement“ (AEWA). Markmið samningsins er vernd votlendisfugla og búsvæða þeirra. Aðild að samningnum gefur Íslandi tækifæri til þess að vernda íslenska fuglastofna á vetrarstöðvum þeirra í Evrópu og Afríku.

Greinargerð: Sáttmálinn er frá árinu 1995. Fullgilding hans hófst 1999 og í dag eru 118 aðildarlönd að honum þar af 63 lönd Evrópuráðsins. Samningurinn fjallar um 255 fuglategundir.

Ályktun flokksráðs VG um enduheimt á votlendi 16.1.2010

Flokksráðsfundur VG 15.-16. janúar 2010 lýsir yfir ánægju og stuðningi við áherslur umhverfisráðuneytisins um endurheimt votlendis í samningsgerð alþjóðlegs loftslagsáttmála. Fundurinn leggur til að settur verði aukinn kraftur í endurheimt votlendis á Íslandi.

Greinargerð: Stórum hluta votlendis á Íslandi hefur verið spilt með framræslu. Á það jafnt við um mýrar, stöðuvötn og tjarnir. Alls eru um 90 þúsund km af skurðum á landinu. Kostir á endurheimt votlendis eru margir: fyrir fugla, fiska, gróður, landslag og gegn loftslagsbreytingum. Íslenskar mýrar geyma uppsafnað kolefni CO₂ í formi mós í jarðvegi frá síðustu 10 þúsund árum (lok ísaldar). Endurheimt votlendis getur nýst mjög vel í ferðaþjónustu t.d. vegna fuglaskoðunar og silungsveiða. Endurheimt votlendis stuðlar að bindingu kolefnis og stöðvar losun kolefnis úr framræstum mýrum. Þannig getur Ísland lagt sitt af mörkum til að draga úr loftslagsbreytingum (í dag er Ísland í fjórða sæti yfir þau lönd sem losa mest kolefni á mann í heiminum).

Ályktun flokksráðs VG um frjáls félagasamtök á sviði umhverfismála 16.1.2010

Flokksráðsfundur VG haldinn á Akureyri 15.-16. janúar 2010 leggur til að stutt verði betur við frjáls félagasamtök á vettvangi umhverfismála. Í þessum félagasamtökum eru þúsundir einstaklinga og gegna þau gríðarlega mikilvægu hlutverki í samfélaginu með því að vinna að náttúruvernd, umhverfismálum og fræðslu um umhverfismál.

Greinargerð: Samkvæmt fyrirliggjandi fjárlögum verður einungis 11,5 milljónum varið til rekstrar- og verkefnastyrkja til frjálsra félagasamtaka á vettvangi umhverfismála á þessu ári.

Ályktun flokksráðs VG um endurskoðun stjórnarráðsins 16.1.2010

Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, haldinn á Akureyri 15.-16. janúar 2010, skorar á stjórn og þingflokk VG að áform um endurskipulagningu stjórnarráðsins verði endurskoðuð í ljósi breyttra aðstæðna og yfirfarin áður en frekari skref verða tekin.

Á næstu árum munu grunnatvinnuvegir þjóðarinnar svo sem landbúnaður og sjávarútvegur skipta verulegu máli við endurmótun íslensks atvinnulífs, eftir sviðna jörð frjálshyggjunnar og græðgismáttinn undanfarinna ára.

Varhugavert er að draga úr vægi ofangreindra atvinnugreina innan stjórnsýslunnar á sama tíma og þjóðin þarf öðru fremur að treysta á þessa málaflokka í þeim hremmingum sem nú ganga yfir.

Ályktun flokksráðs VG um aukið lýðræði, gagnsæi og bættu stjórnsýslu 16.1.2010

Flokksráð VG beinir því til ráðherra og alþingismanna VG að flýta lýðræðisumbótum og auka gagnsæi í stjórnsýslunni. Efla þarf eftirlitsstofnanir og tryggja lýðræðisleg, opin og gagnsæ vinnubrögð.

Mikilvægt er að það stefnumál flokksins að tiltekinn hluti þjóðarinnar geti knúið fram þjóðaratkvæðagreiðslu nái fram að ganga. Einnig er mikilvægt að efla Alþingi sem löggjafarsamkomu þar sem lagasmíð fer fram og ákvarðanir eru teknar.

Þessi brýnu framfaramál eru nauðsynleg til að ryðja burt þeim ólýðræðislegu hefðum sem fyrri ríkisstjórnir hafa fest í sessi.

Ályktun flokksráðs VG um atvinnumál 16. 1. 2010

Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, haldinn á Akureyri 15.-16. janúar 2010 ítrekar mikilvægi kynjasjónarmiða við forgangsröðun í atvinnumálum.

Nauðsynlegt er að huga að hagsmunum beggja kynja við atvinnusköpun á vegum hins opinbera, bæði hjá ríki og sveitarfélögum. Fyrst og fremst þarf að reyna að koma í veg fyrir frekari uppsagnir, en huga að fjölbreyttum atvinnuáttaksverkefnum á sama tíma með framtíðarhagsmunum samfélagsins í heild að leiðarljósi. Reynsla frá öðrum löndum sýnir að á krepputímum eru konur líklegri en karlar til að glíma við langvarandi atvinnuleysi, sem aftur leiðir til bakslags í jafnréttismálum. Slíkt má ekki henda hér á landi.

Koma þarf í veg fyrir að niðurskurður á velferðarkerfinu komi niður á atvinnuþátttöku kvenna. Fjölbreytt og blómstrandi atvinnulíf byggist á þátttöku allra.

Ítrekaðar eru áherslur flokksins í atvinnumálum eins og þær birtast í stefnu og ályktunum flokksins á flokksráðsfundum og síðasta landsfundi. Fundurinn leggur áherslu á að við mótun og framkvæmd atvinnu og byggðastefnu á vegum stjórnvalda þ.m.t byggðaáætlunar og sóknaráætlunar verði kynjasjónarmið höfð að leiðarljósi.

Greinargerð: Frá því íslenska bankakerfið hrundi haustið 2008 hefur atvinnuleysi á Íslandi orðið meira en þjóðin hefur átt að venjast um langt skeið. Brýnt er að bregðast við ástandinu með öllum hugsanlegum ráðum, enda hefur atvinnuleysi afdrifaríkar afleiðingar, jafnt fjárhagslegar sem samfélagslegar.

Frá bankahruninu hefur atvinnuleysi verið meira meðal karla en kvenna, enda hófst kreppan í bankageiranum og byggingariðnaði. Skuldir þjóðarbúsins vegna hrunsins hafa svo leitt af sér mikinn samdrátt hjá hinu opinbera þar sem meirihluti starfsfólks er konur.

Hefðbundin viðbrögð fyrri tíma á borð við brúarsmíði og byggingarvinnu hafa vissulega jákvæð áhrif á atvinnustig afmarkaðra hópa. Slíkt fer illa saman við mikinn niðurskurð á velferðarkerfinu sem leiðir til þess að konur missa vinnuna og umönnunarstörf flytjast inn á heimilin þar sem þau eru ólaunuð og draga enn frekar úr atvinnutækifærum kvenna. Ef ekki verður rétt á málum haldið er hættu á því að til lengri tíma litið geti samdráttur bitnað hlutfallslega verr á atvinnuþátttöku kvenna.

Flokksráðsfundur hvetur kjörna fulltrúa til dáða í því erfiða verkefni sem við blasir eftir þrot markaðshyggjunnar. Nú þarf að forgangsraða með vinstri-grænar áherslur á kvenfrelsi, félagshyggju og sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Ályktun flokksráðs VG um ESB 16.1.2010

Flokksráðið ítrekar andstöðu Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs við hugsanlega aðild Íslands að Evrópusambandinu. Þrátt fyrir að nú hafi verið sótt um aðild að sambandinu, er það eindreginn vilji flokksráðs að Ísland haldi áfram að vera sjálfstætt ríki utan Evrópusambandsins.

Flokksráð Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs hvetur ráðherra, þingmenn og félagsmenn Vinstri grænna um allt land til að halda stefnu flokksins um andstöðu við aðild Íslands að ESB á lofti og berjast einarðlega fyrir henni.

Í ljósi afstöðu flokksins telur flokksráðið brýnt að til verði fastur farvegur skoðanaskipta um Evrópumál á vettvangi flokksins og hvetur til ítarlegrar umfjöllunar um þau, m.a. með málþingum og málefnavarfi. Flokksráðið felur stjórn flokksins að skipa sérstakan starfshóp til að fylgjast grannt með því ferli sem nú er í gangi og tryggja upplýsingaöflun innan flokksins og til að starfa með þingflokki og fulltrúum flokksins í utanríkismálanefnd að Evrópumálum. Flokksráðið leggur sérstaka áherslu á gegnsæi í umsóknarferlinu og hvetur til opinna umræðu- og fræðslufunda um ESB þar sem öll sjónarmið, kostir og gallar, eru dregin fram.

Ályktun flokksráðs VG um hernaðarmál 16.1.2010

Flokksráð Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs lýsir ánægju með áherslur ríkisstjórnarinnar um að Ísland skuli friðlýst fyrir kjarnorkuvopnum og að hafinn sé undirbúningur að niðurlagningu Varnarmálastofnunar. Þeim fjármunum sem er varið til þátttöku landsins í hernaðarmál væri betur varið í mikilvæg velferðarmál. Flokksráðið minnir á stefnu flokksins um að Ísland skuli standa utan Atlantshafsbandalagsins og annarra hernaðarbandalaga og Ísland eigi að vera málsvari friðar og afvopnunar í heiminum. Ísland er herlaus og friðsöm þjóð og á ekki að styðja styrjaldir ríkja þegar þau ráðast á aðrar þjóðir, heldur á Ísland að fordæma slíkt. Flokksráðið hvetur til að fram fari rannsókn á stuðningi Íslands við innrásina í Írak eins og þingmenn flokksins hafa lagt til.

Ályktun flokksráðs VG um sparisjóði 16.1.2010

Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs, haldinn á Akureyri, 15-16. janúar 2010 beinir því til þingflokks VG og fulltrúa flokksins í viðskiptanefnd Alþingis að hefja nú þegar endurskoðun laga um fjármálafyrirtæki með það meðal annars að markmiði að taka að nýju upp í lög ákvæði um 5% takmörkun á atkvæðarétt stofnfjáreigenda í sparisjóðum.

Greinargerð: Með lögum 76/2009 (sparisjóðir), sem Alþingi samþykkti sumarið 2009 er búið að afnema þann varnagla að einstakir stórir aðilar geti með auðveldum hætti náð undir sig sparisjóðum. Þrátt fyrir andmæli sparisjóðanna (sem eftir eru) var með samþykkt laganna fellt út eftirfarandi ákvæði um takmörkun atkvæðaréttar stofnfjáreigenda í sparisjóðum, að kröfu ESA að því er virðist.

"Stofnfjáreigendur skulu eiga jafnan atkvæðisrétt nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum sparisjóðs. Þó er einstökum stofnfjáreigendum aldrei heimilt, fyrir sjálfs sín hönd eða annarra, að fara með meira en 5% af heildar atkvæðamagni í sparisjóði, hvort sem yfirráð yfir atkvæðisrétti byggjast á beinni eða óbeinni hlutdeild í stofnfé sparisjóðs."

Í athugasemd við 10. grein lagafrumvarpsins, þingskjal 97, 85 mál á 137. löggjafarþingi kemur fram að: "Takmörkun á 5% atkvæðavægi sem er að finna í 70. gr. núgildandi laga gengur, að mati Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), gegn ákvæðum sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið. Er lagt til í frumvarpinu að takmörkun þessi sé felld brott. Hin almennu ákvæði laganna um meðferð eignarhluta gilda um sparisjóði, verði frumvarpið að lögum."

Ef þingmenn okkar hefðu almennt þetta viðhorf til ESA og umkvartana þeirra ættum við Íslendingar engan Íbúðalánasjóð í dag.

Barátta stofnfjáreigenda gegn yfirtökum fjársterkra aðila undanfarin misseri, sem sölsuðu undir sig hvern sparisjóðinn af öðrum hlýtur öllum að vera kunn, sem láta sig þessi mál einhverju varða. Ennfremur tilraunum fjársterkra aðila til að fá ofangreint ákvæði felld úr lögum sbr. erindi til Alþingis nr. þ 130/944, komudagur 5.2.2004. Þá tókst að koma í veg fyrir þær ætlanir en þegar VG er í aðstöðu til að tryggja starfsemi sparisjóðanna á héraðslegum forsendum, er það ekki gert.

Með tillögu þessari er horfið frá græðgisvæðingu undanfarinna ára og tryggt að sparisjóðirnir verði í dreifðri eignaraðild, þannig að þeir sinni sínu samfélagslega hlutverki, eins og þeir voru stofnsettir til.

Hluti umsagnar Sambands íslenskra sparisjóða við ofangreint lagafrumvarp:

"Samkvæmt kröfu ESA er lagt til að takmörkun á atkvæðavægi stofnfjáreigenda við 5% verði felld niður. Sparisjóðir eru andvígir því að takmörkunin verði felld niður og benda á að hugmyndafræði sparisjóðanna byggist á dreifstýringu og jafnframt að annað hljóti að gilda fyrir stofnfé í sjálfseignarfélagi heldur en hlutafé í hlutafélagi. Eins vekjum við athygli á að t.d. í Noregi mega stofnfjáreigendur aldrei eiga fleiri en 40% atkvæða á aðalfundi án þess að við höfum heyrt að ESA hafi gert athugasemd við það."

Ályktun flokksráðs VG um öfluga heilbrigðisþjónustu og heilsugæslu um land allt 16.1.2010

Flokksráðfundur Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs haldinn á Akureyri 15. og 16. janúar 2010, ítrekar mikilvægi öflugrar heilbrigðisþjónustu og heilsugæslu um allt land.

Fundurinn lýsir áhyggjum sínum af þeim mikla niðurskurði sem boðaður er í heilbrigðiskerfinu og má ekki verða til þess að skaða grunnbyggingu heilbrigðis- og velferðarkerfisins til frambúðar.

Fundurinn leggur sérstaka áherslu á að standa vörð um þjónustuna í hinum minni heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni og að tryggja ljósmæðraþjónustu fyrir allar konur, jafnt í dreifbýli sem þéttbýli. Kanna ber kosti þess að embætti héraðsljósmóður verði tekið upp að nýju og ljósmæður skipaðar í héruð.

Fundurinn skorar á þingmenn flokksins og heilbrigðisráðherra að beita sér fyrir beinni aðkomu heimamanna að ákvörðunum sem teknar eru um heilbrigðisþjónustu. Slík aðkoma er mjög mikilvæg nú þegar ljóst er að standa þarf fyrir sársaukafullum aðgerðum.

Hætt er við að illa ígrundaður niðurskurður skili ekki tilætluðum þjóðhagslegum sparnaði, heldur auki útgjöld sjúklinga, sveitarfélaga eða Atvinnuleysistryggingasjóðs og muni þess utan hafa veruleg áhrif á þá samfélagsgerð sem íslenskar fjölskyldur hafa búið við.

Vísad til stjórnar: Ályktun flokksráðs VG um að gætt verði að jafnræði kynjanna við uppröðun á lista fyrir kosningar 16.1.2010

Flokksráð VG hvetur kjörstjórnir til að tryggja jafnræði kynjanna við uppröðun á lista fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í vor og leitast verði eftir því að tefla fram paralistum þar sem því verður komið við. Mikilvægt er að ekki verði mismunað eftir kyni og reglur um kynjakvóta látnar ganga í báðar áttir enda samræmist annað ekki stefnu VG í jafnréttismálum.

Greinargerð: Í haust samþykkti stjórn VG leiðbeinandi reglur fyrir forvöl svæðisfélaga og kjördæmisfélaga. Þrátt fyrir ábendingar stjórn nokkurra svæðisfélaga og vitneskju um mikla andstöðu innan raða Vinstri grænna var samþykkt að beita ætti kynjakvóta aðeins ef hallaði á konur í úrslitum forvala. Það þýðir að mismuna á körlum í flokknum sem er ekkert annað en kynjamisrétti og gengur þvert á stefnu flokksins í jafnréttismálum. Þá má færa rök fyrir því að þessi regla brjóti gegn stjórnarskránni þar sem stendur skýrum stöfum að ekki megi mismuna fólki eftir kynferði. Konur og karlar í Vinstrihreyfingunni – grænu framboði eiga að sitja við sama borð og eiga sömu möguleika á að koma sér á framfæri. Kynjakvótar eiga því að ganga í báðar áttir sé þeim á annað borð beitt, bæði þegar hallar á konur og þegar hallar á karla. Þetta á að gilda um skipan í stjórnir, ráð og uppröðun á lista fyrir kosningar.

Vísad til stjórnar: Ályktun flokksráðs VG um stefnuyfirlýsingu VG 16.1.2010

Flokksráð felur stjórn og flokksfélögum að vinna að endurskoðun stefnuyfirlýsingar flokksins fram að næsta landsfundi.

Vísad til stjórnar: Ályktun flokksráðs VG um aukna samvinnu 16.1.2010

Flokksráð VG hvetur til aukinnar samvinnu bæði innan flokksins og þingflokksins og jafnframt að unnið sé úr þeim ágreiningi sem hefur komið upp vegna erfiðra mála að undanfögnu. Jafnframt hvetur flokksráð þingflokk og sveitastjórnarfulltrúa til að starfa náið saman við undirbúning komandi sveitastjórnarkosninga.

Í allri samvinnu er mikilvægt að taka tillit til ólíkra sjónarmiða og það er illt ef skoðanaágreiningur er látinn koma í veg fyrir það að flokkurinn vinni áfram af eljusemi að þeim málum sem hann er stofnaður um. Þá hvetur flokksráðið til aukins samstarfs milli grasrótar og flokksforustu og leggur til að myndaðir verði faghópar sem ráðherrar og þingmenn flokksins fundi með reglulega. Á þann hátt má opna betur á boðleiðir til og frá grasrót til flokksforustu og um leið efla starf og lýðræðislega umræðu innan flokksins.

Greinargerð: Það er ekkert leyndarmál að ESB aðildarumsókn og IceSave hafa verið flokknum erfið mál og ekki bara klofið þingflokkinn heldur alla hreyfinguna eins og hún leggur sig í herðar niður. Nú er mál að linni ef ekki á að fara fyrir Vinstrihreyfingunni – grænu framboði eins og fyrirrennurum hennar á vinstri vængnum. Við verðum að leita sátta, finna lausnir og það verður ekki gert öðruvísi en

að fara að tala saman og síðast en ekki síst vinna saman. Þetta á bæði við um þingflokkinn og almenna félagsmenn. Þá er grundvallaratriði að þingflokkurinn fari að vinna meira með grasrótinni. Í grasrótinni er að finna mikla spekinga og fagfólk sem þingmenn og ráðherrar ættu að leita miklu meira til. Það er jú hlutverk rótarinnar að sjá sýnilega hluta plöntunnar fyrir næringu ekki satt. Æskilegast væri að setja á laggirnar faghópa sem störfuðu með svipuðum hætti og málefnaþópar. Hlutverk hvers faghóps væri að koma með faglegar ábendingar til þingmanna og ráðherra og funda reglulega með þeim. Þá væri best að flokksráð eða stjórn flokksins tilnefni tvo ábyrgðarmenn fyrir hvern faghóp.

Hugmyndir af faghópum:

Náttúruvernd og umhverfismál, heilbrigðismál, menningar- og menntamál, efnahagsmál, byggðamál, atvinnumál, landbúnaður, sjávarútvegur, alþjóðamál, jafnréttismál í viðum skilningi o.fl.

Vísað til stjórnar: Ályktun flokksráðs VG um fjölskyldustefnu og forræðismál 16.1.2010

VG byggir stefnu sína í fjölskyldumálum á fjórum grunngildum: Valfrelsi, öryggi, þátttöku og margbreytileika. Dómsmálaráðherra hefur kynnt nýtt frumvarp um breytingar á ákvæðum barnalaga um forsjá, búsetu og umgengni þar sem tekið er tillit til vilja barns og lögð áhersla á sáttarmeðferð foreldra í umgengnismálum. Þessu ber að fagna enda í takt við stefnu flokksins. Hins vegar er settur fyrirvari við þá nýjung í frumvarpinu að dómarar geti dæmt sameiginlega forsjá gegn vilja annars foreldrisins. Sameiginleg forsjá krefst samvinnu og sáttar foreldra og erfitt að sjá hvernig hægt er að dæma fólk til slíkra samskipta. Eins og sést á tölum um kynbundið ofbeldi er kúgun og valdamisvægi inni á heimilum og í samskiptum kynjanna staðreynd og því miður litar það forræðisdeilur við skilnað foreldra. Gegn því þarf að berjast með framfylgd laga, fræðslu og opinberri umræðu. Þá þarf að skapa aðstæður í samfélaginu sem gera báðum kynjum kleift að axla ábyrgð á heimilishaldi með því að réttur karla til að sinna umönnun þegar aðstæður kalla á sé virtur.

Vísað til sveitastjórnarhóps: Ályktun flokksráðs VG um heimildir sveitarfélaga 16.1.2010

Flokksráð VG hvetur stjórnvöld til að koma á laggirnar vinnuhópi í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga sem hafi það verkefni að endurskoða lög um sveitarfélög samhliða þeirri vinnu sem nú ver fram við endurskoðun á regluverki jöfnunarsjóðs sveitafélaga og lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Markmiðið með þessari endurskoðun verði meðal annars að skýra betur en nú er gert í lögum hlutverk sveitarfélaga og heimildir sveitarfélaga til að eiga í félögum og stofna til skulda og skuldbindinga. Einnig verði hlutverk eftirlitsnefndar sveitarfélaga skýrt betur í lögum.

Við endurskoðunina verði einnig horft til þess að sameina sveitarfélög. Reynt verði við þá vinnu að móta stjórnslueiningar sem séu færar um að sinna vel núverandi skildum sveitarfélaga sem og þeim verkefnum sem rætt er um að færa af forsjá ríkis til sveitarfélaga. Tryggja verður að ný skipan hreppamarka verði með þeim hætti að allir íbúar þeirra eigi aðgang að þeim lýðræðislega vettvangi sem nauðsynlegt er að stjórnir sveitarfélaga séu.

Vísað til sveitastjórnarhóps: Ályktun flokksráðs VG um skuldastöðu sveitarfélaga 16.1.2010

Efnahagshrunið á Íslandi hefur haft afgerandi áhrif á skuldastöðu og aukin fjármagnskostnað fjölmargra sveitarfélaga. Ljóst er að miklar framkvæmdir á undanförunum árum munu á næstunni leiða til þess að afkoma þeirra versnar til muna í kjölfar versnandi lánakjara.

Það er forgangsverkefni að ríkisvaldið og Samband íslenskra sveitarfélaga vinni saman að því að finna lausnir sem gagnast sveitarfélögum hvað varðar tekju- og lánastýringu meðan efnahagslæggðin gengur yfir, lánasjóður sveitarfélaga verði styrktur og honum gert kleift að endurfjármagna sveitarfélög sem ekki hafa aðgang að nauðsynlegu lánsfé.

Jafnframt verði jöfnunarsjóði sveitarfélaga gert kleyft að leggja verst settu sveitarfélögunum lið gegn því að ráðuneyti sveitarstjórnarmála tryggi að fyllsta aðhalds verði gætt og að unnið verði eftir fyrirfram mótuðum verkferlum undir eftirliti eftirlitsnefndar sveitarfélaga.

Vísað til sveitastjórnarhóps: Ályktun flokksráðs VG um skattamál sveitarfélaga 16.1.2010

Flokksráð leggur ríka áherslu á að sveitarfélögunum verði gert kleift að standa vörð um þá grunnþjónustu sem byggð hefur verið upp á Íslandi á undaförnum áratugum. Til þess að svo megi verða þarf að eiða óvissu um uppgjör vegna húsaleigubóta og hækkunar tryggingargjalds og huga þarf að fjölgun undanþáguheimilda vegna virðisaukaskatts.

Ennfremur ætti ríki og sveitarfélög að vinna sameiginlega að útfærslu sem miðist að því að þeir einstaklingar sem hafa fjármagnstekjur í verulegu hlutfalli m.t.t. útsvars greiði einnig til sveitarfélaga. Þær tekjur sem þannig fást, renni í jöfnunarsjóð sveitarfélaga og vel mætti hugsa sér að þau sveitarfélög sem fullnýta ekki útsvar nytu ekki góðs af umræddri fjáröflun.

Vísað til sveitastjórnarhóps: Ályktun flokksráðs VG um félagslegt húsnæði 16.1.2010

Flokksráð mótmælir útburði úr félagslegu húsnæði og hvetur fulltrúa í sveitarstjórnnum til að sporna gegn stórfelldri hækkun á leigu í félagslega húsnæðiskerfinu.

Vísað til stjórnar sem skipi starfshóp um uppbyggingu og hlutverk fjármálastofnana og skili fyrir næsta flokksráðsfund: Ályktun flokksráðs VG um afnám verðtryggingar 16. 1. 2010

Flokksráð hvetur til að fulltrúar og félagar í flokknum fari í að móta tímasetta áætlun um afnám verðtryggingar sbr. ályktun landsfundar um efnahagsmál.

Vísað til stjórnar sem skipi starfshóp um uppbyggingu og hlutverk fjármálastofnana og skili fyrir næsta flokksráðsfund: Ályktun flokksráðs VG um stjórnun Landsbankans 16.1.2010

Flokksráð hvetur til að stjórnun Landsbankans verði lýðræðisvætt og að rekstur hans verði mótaður til að styðja heildarhagsmuni samfélagsins.

Vísað til stjórnar sem skipi starfshóp um uppbyggingu og hlutverk fjármálastofnana og skili fyrir næsta flokksráðsfund: Ályktun flokksráðs VG um friðhelgan framfærslugrunn 16.1.2010

Flokksráðsfundur krefst þess að gerður verði raunhæfur framfærslugrunnur sem friðhelgur sé gagnvart fjárkröfum.

Vísað til stjórnar sem skipi starfshóp um uppbyggingu og hlutverk fjármálastofnana og skili fyrir næsta flokksráðsfund: Ályktun flokksráðs VG um afnám verðtryggingar 16.1.2010

Flokksráðsfundur ályktar að skuldarar sem standa frammi fyrir nauðarsamningum og uppboðsferli skuli hafa rétt á skipuðum verjanda.

Vísao til stjórnar sem skipi starfshóp um uppbyggingu og hlutverk fjármálastofnana og skili fyrir næsta flokksráðsfund: Ályktun flokksráðs VG um samningsveð 16.1.2010

Flokksráðsfundur lýsir yfir stuðningi við frumvarp um breytingu á lögum um samningsveð og hvetur þingflokk VG til að vinna því framgöngu á þingi.

Vísao til stjórnar sem skipi starfshóp um uppbyggingu og hlutverk fjármálastofnana og skili fyrir næsta flokksráðsfund: Ályktun flokksráðs VG um samningsrétt hagsmunasamtaka 16.1.2010

Flokksráð viðurkennir samningsrétt hagsmunasamtaka skuldara og hvetur ríkisstjórnina til að miðla málum í deilunni milli hagsmunasamtaka heimilisskuldara og lánastofnanna.

Vísao til stjórnar sem skipi starfshóp um uppbyggingu og hlutverk fjármálastofnana og skili fyrir næsta flokksráðsfund: Ályktun flokksráðs VG um að skuldarar njóti afsláttá 16.1.2010

Flokksráð krefst þess að afsláttur sá sem nýju bankarnir fengu á lánasöfnum húsnæðisskuldara úr gömlu bönkunum verði látinn ganga áfram til húsnæðisskuldara.

Vísao til stjórnar sem skipi starfshóp um uppbyggingu og hlutverk fjármálastofnana og skili fyrir næsta flokksráðsfund: Ályktun flokksráðs VG um að ríkið ábyrgist eingöngu ríkisbanka 16.1.2010

Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn á Akureyri 15. og 16. janúar 2010 leggur til að þingflokkur Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs beiti sér fyrir því að eingöngu ríkisbankar njóti verndar tryggingarsjóðs innistæðueigenda í fjármálakerfi framtíðarinnar á Íslandi eða þá að einkarekstur banka verði bannaður. Eitt helsta deiluefni þjóðarinnar undanfarna mánuði eru IceSave reikningarnir sem stofnaðir voru af einkaaðilum með íslenskt ríkisfang. Engin sanngirni er í að heil þjóð eigi að taka á sínar herðar klúður einkaaðila í viðskiptum hvort sem í hlut eiga bankar í einkaeign eða annars konar einkafyrirtæki.

Greinargerð: Enn og aftur er ætlast til að almenningur borgi fyrir slæleg og græðgisleg vinnubrögð einkarekinna fjármálastofnanna en nú er mál að linni. Vera má að Íslendingar verði skikkaðir til að borga að einhverju leyti IceSave-samningana svokölluðu en koma verður í veg fyrir að gjörningur sem þessi geti endurtekið sig í framtíðinni. Óumdeilt er að einkafyrirtæki hugsa fyrst og síðast um hag eigenda sinna. Þess vegna er hyggilegast að fyrirtæki eins og bankar, sem svo margir eiga svo mikið undir, verði í eigu almennings. Þar með er komið í veg fyrir alls kyns fjármálabrask þar sem einstaklingar geta makað krókinn í eigin þágu. Bankar eiga að vera verkfæri samfélagsins til þess að efla sig og styrkja en ekki vettvangur gróðabrask nokkurra einstaklinga. Ef einkabankar munu starfa áfram héraendis eiga bankarnir sem og þeir sem við þá skipta að gera það á eigin ábyrgð. Það verða engar raunverulega breytingar á samfélagsgerðinni til lengri tíma nema að gjörspillt alþjóðlegt fjármálakerfi hætti að geta reitt sig á þingju skattgreiðenda til að bjarga sér úr ógöngum.

Vísao til stjórnar sem skipi starfshóp um uppbyggingu og hlutverk fjármálastofnana og skili fyrir næsta flokksráðsfund: Ályktun flokksráðs VG um að hætta samstarfi við AGS 16.1.2010

Flokksráð leggur til að þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs beiti sér fyrir því að Ísland dragi sig út úr samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og skipuleggi uppbyggingu efnahags landsins á framtíðarsýn um sjálfbæra þróun. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur víða um heim skilið eftir sig sviðna jörð enda gegnir hann fyrst og fremst því hlutverki að standa vörð um hagsmuni

fjármagnseigenda. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur til að mynda beitt sér mjög fyrir málstað Hollendinga og Breta í IceSave-málinu. Þótt yfirlýst markmið sjóðsins sé að aðstoða þjóðir í neyð hefur reynslan sýnt að hið dulda markmið hans sem er að viðhalda gangverki alþjóðakapítalismans með hagsmuni fjármagnsins í forgrunni. Velferð fólksins hefur iðulega mætt afgangi. Flokksráð telur því hyggilegast fyrir íslenska hagsmuni að ríkisstjórnin láti af samstarfi við sjóðinn eins skjótt og auðið er.

Vísað til stjórnar sem skipi starfshóp um uppbyggingu og hlutverk fjármálastofnana og skili fyrir næsta flokksráðsfund: Ályktun flokksráðs VG um að ekki verði samið við útrásarvíkinga um ný viðskipti 16.1.2010

Flokksráð mótmælir harðlega öllum bollaleggingum af hálfu ríkisins að semja við hina fyrrum svokölluðu útrásarvíkinga í uppbyggingu atvinnulífs á Íslandi. Fordæmir flokksráð alla fyrirgreiðslu ríkisins á þessa vegu. Flokksráðið leggur einnig ríka áherslu á að þeir aðilar sem eiga hvað mestan þátt í skuldsetningu þjóðarinnar greiði sem mest til baka og geti ekki komið sér fyrir á ódýran hátt hérlandis og orðið aftur ráðandi afl í atvinnulífi landsins.

Hvetur flokksráðið til að reynt verði að láta eigur þeirra er spiluðu stórt hlutverk í hruninu ganga að sem mestu leyti upp í skuldir þjóðarbúsins.

Greinargerð: Mikilvægt er fyrir siðvæðingu viðskiptalífs og stjórn mála að ekki sé öllum tilboðum um viðskipti tekið án skoðunar á því hvers konar viðskipti um er að ræða eða á vegum hvers. Það er ekki sama hvaðan gott kemur.

Ef reyna á að bæta siðferðisvitund í viðskiptum hérlandis verða stjórnvöld að fara fyrir með góðu fordæmi. Einnig verður að varast að þeir aðilar sem sýnt hafa af sér vítavert gáleysi í viðskiptum undanfarin ár og bera þar með að hluta ábyrgð á hruninu geti komist í lykilstöðu í íslensku viðskiptalífi á nýjan leik. Með framferði sínu eru þessir aðilar rúnir trausti og því ekki áhættunnar virði að gefa þeim tæki færi á að leika sama leikinn aftur.

Einnig verður að gæta að hvers lags atvinnustarfssemi á að byggja upp. Í anda sjálfbærni og umhverfisverndar mælist flokksráð til þess að þrátt fyrir tímabundna erfiðleika íslensku þjóðarinnar að hún selji sig ekki ódýrt eins og oft vill verða með þjóðir í vanda sem þessum. Stöndum heldur fast á sannfæringu okkar um sanngjarnara og að öllu leyti betra Ísland.

Ályktun flokksráðs VG um efnahagsaðgerðir 26.6.2010

Flokksráðsfundur VG, haldinn í Reykjavík dagana 25.-26. júní 2010, fagnar þeim aðgerðum stjórnvalda sem litið hafa dagsins ljós í skuldamállum heimilanna og þeim árangri sem náðst hefur í efnahagsmálum undir stjórn ríkisstjórnar VG og Samfylkingar. Jafnframt hvetur fundurinn til samstöðu á Alþingi um þau erfiðu verkefni sem takast þarf á við í uppbyggingu samfélagsins.

Nauðsynlegt er að bæta stöðu þeirra sem verst standa og flokksráðsfundur hvetur því til um áframhaldandi aðgerða og skuldaleiðréttingar. Sérstakar aðgerðir eiga að vera í þágu illra staddra heimila en ekki í þágu fjármálafyrirtækja. Flokksráðsfundur ítrekar fyrri afstöðu um að afnema eigi verðtryggingu í þeirri mynd sem hún hefur verið, samhliða því að sett verði þak á fjármagnskostnað.

Flokksráðsfundur leggur á það ríka áherslu að á meðan tekist er á við alvarlegustu afleiðingar efnahagshrunsins verði áfram stuðst við blandaða leið tekjuaukningar og niðurskurðar á opinberum

útgjöldum. Niðurskurður má hins vegar ekki koma þannig niður á grunnþjónustu að hún beri varanlegan skaða af. Standa verður vörð um afkomu þeirra sem treysta á velferðarkerfið. Grunnþjónusta á að vera rekin á félagslegum grunni og með lýðræðislegu aðhaldi. Það á jafnt við um velferðar- og menntakerfið, sem um aðra þætti, svo sem fjármálaþjónustu, samgöngur og fjaraskipti.

Ályktun flokksráðs VG um auðlindir í almannaeigu 26.6.2010

Flokksráðsfundur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í Reykjavík 25.-26. júní 2010 leggst eindregið gegn sölu eða langtímaframsali á orkuauðlindum og orkufyrirtækjum. Aður af auðlindum landsins á að renna til almennings, ekki til einkaaðila. Tryggja verður sameign þjóðarinnar á auðlindum til lands og sjávar.

Nefnd um erlendar fjárfestingar verður að taka kaup Magma á HS-Orku aftur til umfjöllunar en málið var áður afgreitt út úr nefndinni í miklum ágreiningi. Fulltrúi VG í nefndinni taldi líkur á að samningurinn væri ólögmatgur og að almenningur ætti að njóta vafans.

Til að tryggja yfirráð almennings yfir orkufyrirtækjum og vinda ofan af kaupum Magma á HS-Orku er mikilvægt að hér verði sett lög sem fela í sér óskoruð yfirráð hins opinbera á orkufyrirtækjum. Flokksráðsfundur brýnir ráðherra og þingmenn VG að hraða gerð slíks frumvarps og hvetur jafnframt til þess að gripið sé til allra ráða þannig að HS-Orka komist aftur í almenningseigu í samræmi við fyrri samþykktir flokksráðs og annarra stofnana flokksins. Þar á meðal verða eignarnámsaðgerðir ekki útilokaðar.

Ályktun flokksráðs VG um skýrslu rannsóknarnefndar 26.6.2010

Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, haldinn í Reykjavík 25.-26. júní 2010, fagnar skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um orsakir og aðdraganda falls íslensku bankanna. Skýrslan er þungur áfellingisdómur yfir þeirri pólitísku hugmyndafræði sem réð ferð í íslensku samfélagi um langt árabíl og því viðskiptalífi, stjórnýsly og tíðaranda sem hún gat af sér. Vinstrihreyfingin – grænt framboð getur verið stolt af málalíbúnaði sínum og framgöngu í aðdraganda hrunsins, varnaðarorðum, tillöguflutningi og eigin fjármálareglum og upplýsingagjöf sem öðrum þykja nú eftirbreytni verðar. Eftir sem áður þurfa Vinstri græn að draga sína lærdóma af rannsóknarskýrslunni eins og allir aðrir og skoða það sem betur má fara í starfsháttum og vinnubrögðum.

Sú pólitíska ákvörðun sem tekin var um einkavæðingu bankanna reyndist stórskadleg. Ákvörðun um helmingaskipti stjórnmalaflokka á ríkisbönkunum á þannig bersýnilega sinn ríka þátt í hvernig fór. Efnahagsstjórnin sem hér var rekin í stjórnartíð Sjálfstæðisflokksins var til þess fallin að veikja enn frekar undirstöður ríkisins, auka þenslu og draga mátt úr stjórnkerfinu. Þannig varð íslenska ríkið vanmáttugt til að bregðast við þeim hættumerkjum sem hrönnuðust upp frá því fyrir miðjan áratuginn og fram að hrúni.

Mikilvægt er að samfélagið allt dragi lærdóm af því sem hér fór úrskeiðis. Þjóðmálaumræðan verður að vera móttækileg fyrir nýrri hugsun, nýjum gildum og rökstuddri gagnrýni. Allir þurfa að vera tilbúnir að líta í eigin barm og takast á við þá ábyrgð sem þeir bera sem þátttakendur í samfélagi.

Fyrir höndum er það vandasama en jafnframt eftirsóknarverða verkefni að byggja íslenskt samfélag upp. Vinstrihreyfingin – grænt framboð er nú sem fyrr reiðubúin til að axla þá ábyrgð og endurmóta samfélagið á grunni félagslegra gilda, jafnréttis og heiðarleika.

Ályktun flokksráðs VG um vinnulag innan flokksins 26.6.2010

Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, haldinn í Reykjavík 25.-26. júní 2010, beinir því til stjórnar VG að skipa starfshóp sem fer yfir almennt og sértækt vinnulag innan flokksins. Felur það í sér m.a. yfirferð á skipulagi flokksins, samskiptaleiðum, starfsemi svæðisfélaga og málefna. Þá skal hópurinn einnig huga að hvernig fjölga megi nýliðum, virkja félagsmenn enn frekar og vinna málstað vinstri grænna víðtækari stuðning. Starfshópurinn skal gera tillögur að úrbótum á starfi flokksins og fjalla um hvernig megi efla það til muna. Þá skal starfshópurinn kanna hvernig staðið er að kynningu á stefnu og starfsemi Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs og eftir atvikum leita leiða til þess að efla kynningu á stefnu flokksins. Skal starfshópurinn ekki einskorða könnun sína við kynningu kosningastefnuskrár heldur jafnframt með hvaða hætti stefnu vinstri grænna er unnið fylgi á milli kosninga.

Þá skal hann kanna kosti þess að innan flokksins sé starfandi kynningarnefnd (í nánu samstarfi við framkvæmdastýru/stjóra og stjórn) sem hafi það að markmiði sínu að koma málstað vinstri grænna að sem víðast. Starfshópurinn skal skila áfangaskýrslu fyrir næsta flokksráðsfund.

Ályktun flokksráðs VG um ákærur fyrir árás á Alþingi 26.6.2010

Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, haldinn í Reykjavík 25.-26. júní 2010, mótmælir harðlega ákærum á hendur níu mótmælendum fyrir að hafa 8. desember 2008 rofið friðhelgi og fundarfrið Alþingis (sbr. 100. gr. og 122. gr. almennra hegningarlaga) og einnig ákærum um húsbrot (sbr. 231. gr. sömu laga).

Í dómsmálinu sem hér um ræðir er kært fyrir árás á Alþingi. Það er ákvæði sem hefur aðeins einu sinni verið virkjað – í kjölfar mótmæla vegna inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið 30. mars 1949. Þann dag kröfðust mótmælendur og verkalyðsfélögin í Reykjavík þess að efnt yrði til þjóðaratkvæðagreiðslu. Til átaka kom við Alþingishúsið og í kjölfarið var hópur manna dæmdur til harðra refsinga á óljósum grundvelli. Mennt í hópnum misstu til að mynda kosningarétt og kjörgengi svo árum skipti, auk þess sem margir hlutu fangelsisdóma.

Dómarnir yfir mótmælendum 30. mars 1949 voru slæmir að öllu leyti. Þeir voru almennt álitnir pólitískir og gerðu því það eitt að draga úr tiltrú hluta fólks á réttarkerfinu sem hlutlausri stofnun. Þá, líkt og nú, leit enginn mótmælenda svo á að um væri að ræða árás á þingið – þvert á móti töldu báðir hópar sig vera að verja þingið.

Ályktun flokksráðs VG um skipan dómara 26.6.2010

Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í Reykjavík 25.-26. júní 2010, fagnar nýjum lögum um skipan dómara. Lögin eru mikilvægur áfangi til að koma í veg fyrir þá pólitísku spillingu sem hefur einkennt skipan dómara við íslenska dómstóla.

Flokkráð væntir þess að með nýskipan þessara mála verði fagleg sjónarmið, reynsla og þekking látin ráða við val á dómurum og að sú skipan muni styrkja íslenskt réttarfar og auka tiltrú almennings á því. Flokksráð minnir á að hlutföll kynja á meðal dómara á báðum dómstigum eru mjög skökk og væntir þess að þau verði jöfnuð með nýjum vinnubrögðum.

Ályktun flokksráðs VG um stjórnmalasamband við Ísrael 26.6.2010

Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, haldinn í Reykjavík 25.-26. júní 2010, hvetur íslensk stjórnvöld til að undirbúa slit á stjórnmalasambandi við Ísrael.

Í allt of langan tíma hefur alþjóðasamfélagið horft aðgerðalaust á skelfilega og ómannúðlega meðferð Ísraelsstjórnar á palestínsku þjóðinni. Ofan á allar þær hörmungar sem Ísraelsstjórn hefur lagt á palestínsku þjóðina í gegnum tíðina hefur hún nú haldið 1,5 milljón Palestínumanna í herkví á Gasasvæðinu og takmarkað allan inn- og útflutning nema á helstu nauðþurftum í þrjú ár. Afleiðingar þessa eru skelfilegar og hefur lífskilyrðum á svæðinu, sem ekki voru góð fyrir, hrakað gríðarlega. Ísraelsstjórn hefur engan vilja sýnt til þess að láta af umsátrinu og undirstrikaði þann ásetning sinn með árás á skipalest sem reyndi að flytja hjálpargögn á svæðið fram hjá herkvínni.

Alþjóðasamfélagið getur ekki setið aðgerðarlaust gagnvart þessu ofbeldi Ísraelsstjórnar lengur. Íslensk stjórnvöld geta stigið fyrsta skrefið með því að slíta stjórnmalasambandi sínu við Ísrael og hvetja önnur ríki til að gera slíkt hið sama.

Ályktun flokksráðs VG um frið og afvopnun 26.6.2010

Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í Reykjavík 25.-26. júní 2010, fagnar þeirri ákvörðun Alþingis að leggja niður Varnarmálastofnun. Vinstri græn mæltu á sínum tíma gegn því að stofnuninni væri komið á laggirnar og bentu á að verkefni hennar væru ýmist tilgangslaus, skaðleg eða betur komin í höndum borgaralegra stofnanna.

Fundurinn minnr á að lítið gagn er í að leggja niður stofnanir ef starfsemi þeirra heldur óbreytt áfram undir öðrum hatti. Íslendingar eru vopnlaus þjóð og eiga ekki að standa í hernaðarstarfsemi af neinu tagi, þar með talið að hýsa, skipuleggja eða þjónusta heræfingar annarra ríkja.

Flokksráðið minnr á ákvæði stjórnarsáttmálans um að Ísland skuli tala máli friðar og afvopunar í heiminum.

Jafnframt hvetur fundurinn ríkisstjórnarflokkana til að hrinda hið fyrsta í framkvæmd friðlýsingu Íslands fyrir kjarnorkuvopnum, líkt og gert er ráð fyrir í stjórnarsáttmálanum.

Ályktun flokksráðs VG um nýtingu sjávarauðlinda 26.6.2010

Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í Reykjavík 25.-26. júní 2010, áréttar stefnumið hreyfingarinnar og ríkisstjórnar Íslands, að:

„Íslendingar áskilja sér hér eftir sem hingað til rétt til nýtingar sjávarauðlinda samkvæmt alþjóðlegum skuldbindingum. Forsendur fyrir veiðum og nýtingu sjávarspendýra, sela og hvala, verði endurmetnar frá grunni með tilliti til sjálfbærni og efnahagslegrar þýðingar fyrir þjóðarbúið í heild sem og alþjóðlegra skuldbindinga og ímyndar Íslands.“

Flokksráðsfundurinn bendir á að hvalaskoðun hefur unnið sér sess sem mikilvægur þáttur í ferðþjónustu og fyrir ímynd landsins. Ennfremur, er nauðsynlegt að allar upplýsingar um efnahagslegar forsendur hvalveiða og hvalaskoðunar liggi fyrir þegar frumvarp um hvali verður lagt fyrir Alþingi á ný.

Ályktun flokksráðs VG um Alþjóðagjaldeyrissjóðinn 26.6.2010

Flokksráðsfundur VG, haldinn í Reykjavík dagana 25.-26. júní 2010, skorar á ríkisstjórnina að leggja fram efnahagsáætlun sem tryggir félagslegan jöfnuð, efnahagslegan stöðugleika, forræði þjóðarinnar yfir auðlindum landsins og sjálfbæran vöxt efnahagslífsins. Í efnahagsáætluninni eiga m.a. að koma fram aðgerðir sem leysa þjóðina undan samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn eins og fljótt og auðið er.

Ályktun flokksráðs VG um hjúskaparlög 26.6.2010

Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, haldinn í Reykjavík 25.-26. júní 2010, fagnar hjúskaparlögum sem taka gildi 27. júní 2010. Eftir áralanga baráttu hefur loks tekist að fá samþykkt ein hjúskaparlög í landinu. Íslendingar eiga að vera í fremstu röð í mannréttindamálum, þar með talið þegar kemur jöfnum rétti og jafnri stöðu samkynhneigðra og gagnkynhneigðra.

Ályktun flokksráðs VG um Orkuveitu Reykjavíkur 26.6.2010

Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, haldinn í Reykjavík 25.-26. júní 2010, mótmælir harðlega þeirri ákvörðun meirihluta borgarstjórnar Reykjavíkur að ráða stjórnarformann Orkuveitu Reykjavíkur í fullt starf og gera hann þannig að hluta af daglegri yfirstjórn yfir rekstri hennar. Ákvörðunin dregur úr lýðræðislegu eftirliti með rekstri fyrirtækisins og sýnir að meirihluti borgarstjórnar hefur ekkert lært á þeim ósköpum sem gengið hafa yfir íslenskt samfélag á undanförunum árum.

Þessi ráðstöfun er fordæmalaus í íslenskum almenningsfyrirtækjum og í miklu ósamræmi við það lýðræðislega eftirlitshlutverk sem stjórnarformanni eins og stjórninni allri ber að sinna gagnvart stjórnendum Orkuveitunnar í þágu almennings. Reynsla undanfarinna ára hefur leitt í ljós að óskýr mörk milli stjórnar og fyrirtækja og stjórnenda leiða ekki til góðs.

Má geta þess að með nýsamþykktum lögum um fjármálafyrirtæki eru starfandi stjórnarformenn bannaðir. Er það gert til þess að herða á eftirlitsskyldu og ábyrgð stjórnna fjármálafyrirtækja. Það forkastanlegt að þegar slíkt framfaraskref er tekið í lagumhverfi fjármálafyrirtækja skuli lýðræðislega kjörnir fulltrúar í borgarstjórn Reykjavíkur ákveða að færa stjórnarfyrirkomulag stærsta almenningsfyrirtækis landsins til þess sem reyndist jafn illa og raun ber vitni í hinum hrundu fjármálafyrirtækjum.

Þrátt fyrir mikið atvinnuleysi hefur Reykjavíkurborg fækkað almennu starfsfólki með aðhaldsaðgerðum sínum á undanförunum misserum. Laun starfsfólks borgarinnar hafa verið lækkuð og álag á hvern og einn hefur aukist til muna. Það eru því kaldar kveðjur sem nýr meirihluti í borgarstjórn ákveður að senda með ákvörðunum um að fjölga um einn hálaunaðan starfsmann í annars fjölmennri yfirstjórn Orkuveitunnar.

Ályktun flokksráðs VG um stjórnlagabing 26.6.2010

Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs í júní 2010 fagnar væntanlegu stjórnlagabingi og bindur vonir við að breytt stjórnskipan muni treysta innviði íslensks samfélags, leiða til betra stjórnarfars, efla lýðræði og mannréttindi og tryggja sameign þjóðarinnar á auðlindum hennar.

Ályktun flokksráðs VG um ESB 26.6.2010

Flokksráðsfundur VG samþykkir að vísa tillögu um að aðildarumsókn að Evrópusambandinu til málefnaþings, sem haldið verður á haustmánuðum. Forsendur ESB umsóknar eru breyttar og í því ljósi er mikilvægt að málið verði tekið til gagn Gerrar endurskoðunar. Jafnframt felur flokksráð stjórn flokksins að skipa hið fyrsta undirbúningshóp til að halda utan um meðferð málsins fram að málefnaþinginu.

Flokksráð ítrekar andstöðu VG við aðild að Evrópusambandinu og vísar til fyrri samþykktá í þeim efnum.

Ályktun um stuðning við ríkisstjórnina 20.11.2010

Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, haldinn í Reykjavík dagana 19.-20. nóvember 2010, lýsir yfir fullum stuðningi við ríkisstjórn Vinstri grænna og Samfylkingarinnar og hvetur þingmenn og ráðherra flokksins til að fylgja ötullega stefnu hans hvað varðar félagslegt réttlæti og jöfnuð, náttúruvernd og sjálfbæra þróun, sjálfstæða utanríkisstefnu og friðarstefnu og kvenfrelsi.

Fundurinn lýsir ánægju sinni með þá framþróun sem samráð stjórn málaflókka og fjölmargra hagsmunaaðila hefur skilað að lausn á skuldavanda heimilanna. Til viðbótar við frumvarp ríkisstjórnarinnar um gengislán bætast við aðgerðir til handa þeim skuldsettu heimilum sem hafa átt erfitt með að ná endum saman.

Flokksráð fagnar þeim markverða árangri sem ríkisstjórnin hefur náð við erfiðar aðstæður í íslensku samfélagi. Staða efnahagsmála hefur styrkst og stöðugleiki er að nást með lækkun verðbólgu og vaxta og stöðugu gengi krónunnar. Slíkur stöðugleiki er forsenda kjarabóta fyrir allt samfélagið. Þá ber sérstaklega að fagna þeim árangri sem skattkerfisbreytingar í upphafi árs hafa skilað við að færa skattbyrði af þeim tekjulægri yfir á þá tekjuhærri. Ýmis réttlætismál hafa náð fram að ganga að undanfögnu svo sem úrbætur í málefnum hælisleitenda og boðaðar breytingar á réttarvörslukerfinu og er ástæða til að fagna því. Tillögur um breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu eru mikilvægt skref í átt að því að skapa nýtt og réttlátt kerfi.

Flokksráð Vinstri grænna hvetur ráðherra flokksins í ríkisstjórn til að fylgja eftir stefnu flokksins í orku- og auðlindamálum með því að tryggja að auðlindir þjóðarinnar verði í hennar forsjá og eigu.

HS Orka komist aftur í almenningseigu og sala hennar verði rannsókuð 20.11.2010

Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar–græns framboðs, haldinn í Reykjavík 19.-20. nóvember 2010, ítrekar eindregna andstöðu sína við sölu eða langtímaframsal á orkuauðlindum og orkufyrirtækjum. Öll stærri orkufyrirtæki eiga að vera í fullri eigu almennings. Flokksráðsfundur skorar á ráðherra og þingmenn VG að grípa til allra tiltækra ráða svo að HS-Orka komist aftur í almenningseigu í samræmi við fyrri samþykktir flokksráðs og annarra stofnana flokksins. Jafnframt beiti þau sér fyrir því að opinber rannsókn verði hafin á sölu á HS Orku til Magma Energy. Engan undanslátt má gefa frá yfirlýstum loforðum ríkisstjórnarinnar um að undið verði ofan af einkavæðingu HS Orku.

Ályktun um íslenska háskólakerfið 20.11.2010

Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar–græns framboðs, haldinn í Reykjavík 19.-20. nóvember 2010, skorar á þingmenn flokksins og ráðherra menntamála sérstaklega að beita sér fyrir því að gerðar séu breytingar á stjórnunar- og fjármálakerfi háskólanna þannig að staðinn sé vörður um akademískt frelsi, lýðræði og jafnrétti innan og meðal háskólastofnana.

Ekkert hermang á okkar vakt! 20.11.2010

Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar–græns framboðs, haldinn í Reykjavík 19.-20. nóvember 2010, hvetur samgönguráðherra til að gera ljóst að vinstri grænn ráðherra sé tekinn við ráðuneytinu. Undir slíkri stjórn á að vera skýrt að hermangarar fá ekki næði til að þjálfa hermenn hér á landi og starfsemi málaliða sé ekki velkomin hingað. Í því skyni á ekki að þurfa að vísa í hagkvæmnis- eða viðskiptasjónarmið – heldur má andstaða við rekstur fyrirtækisins ECA hvíla á bjargföstum grunni friðarstefnunnar sem Vinstrihreyfingin – grænt framboð starfar eftir.

Ályktun gegn fátækt 20.11.2010

Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar–græns framboðs, haldinn í Reykjavík 19.-20. nóvember 2010, lýsir yfir áhyggjum sínum af því ef íslenskt samfélag breytist úr því sem kalla má velferðarsamfélag í ölmusamfélag. Við svo búið má ekki standa. Það er brýnasta verkefni vinstri ríkisstjórnar, þingmanna og sveitarstjórnarfulltrúa VG að snúa þessari þróun við. Félagshyggjufólk getur ekki sætt sig við fátækt enda eru það sjálfsgöð mannréttindi að allir íbúar landsins fái lífað með reisu, hafi í sig og á og þak yfir höfuðið.

Flokksráðið beinir því til sveitarstjórnarfólks og þingflokks að beita sér fyrir því að öll laun, hvort sem um er að ræða lágmarkslaun, lífeyri, framfærslustyrki eða bætur, verði færð upp fyrir lágtekjumark Hagstofu Íslands sem nú er 160.800 kr. í ráðstöfunartekjur fyrir einstakling á mánuði. Upphæðin verði endurskoðuð þegar lágmarksframfærsluviðmið liggur fyrir, en ekki er lengur hægt að láta þá sem hafa lægri tekjur gjalda þess að viðmiðið skuli ekki tilbúið.

Gagnsætt bankakerfi – burt með verðtryggingu – þak á vexti 20.11.2010

Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar–græns framboðs, haldinn í Reykjavík 19.-20. nóvember 2010, skorar á ráðherra og þingmenn flokksins að beita sér fyrir því að stjórnsýsla í bankakerfinu verði gerð gagnsæ og ákvarðanir þar öllum kunnar. Opin aðkoma að vinnu í þrotabúum gömlu bankanna sem og eftirlit með því sem fer fram fer innan bankanna er ein af forsendum þess að hér fái myndast heilbrigðari bankastarfsemi. Skilaneindir verði lagðar niður svo fljótt sem auðið er. Flokksráðsfundurinn krefst þess að tryggður verði með lögum aðskilnaður viðskiptabanka og fjárfestingasjóða og að afnumin sé með lögum verðtrygging lána og þak sett á fjármagnskostnað.

Ljósmeðraþjónusta við allar barnshafandi konur tryggð 20.11.2010

Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar–græns framboðs, haldinn í Reykjavík 19.-20. nóvember 2010, ítrekar fyrri ályktanir um að tryggja skuli öllum konum ljósmeðraþjónustu, jafnt í dreifbýli sem þéttbýli.

Á tyllidögum hreykir Ísland sér af því að vera í fremstu röð með lágsta ungbarnadauða í heimi. Fyrirliggjandi fækkun fæðingarstaða á Íslandi og skerðing á sólarhringsþjónustu ljósmeðra á landsbyggðinni, með tilheyrandi þjónustuskerðingu fyrir barnshafandi konur, grefur undan öryggi þeirra og velsæld. Slíkt er óásættanlegt.

Þegar grundvallar skipulagsbreytingar eru gerðar í barneignarþjónustu landsmanna og hagræða á í kerfinu verður að gera slíkt í nánú samráði við þær fagstéttir sem þjónustuna veita. Grunnforsenda er að fyrir liggja heildarstefnumótun þar sem skipulagsbreytingar skuli stuðla að betri gæðum þjónustunnar og skila raunverulegum sparnaði í heilbrigðiskerfinu þegar til lengri tíma er litið.

Flokksráð beinir því til ráðherra og þingmanna að móta heildstæða stefnu um fæðingarþjónustu landsmanna og gera slíkt í nánú samráði við bæði fagfólk og heimamenn.

Kynferðisbrotadeild verði starfi sínu vaxin 20.11.2010

Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar–græns framboðs, haldinn í Reykjavík 19.-20. nóvember 2010, lýsir þungum áhyggjum vegna meðferðar kynferðisbrotamála innan lögreglunnar, í ljósi þess að aðeins 3-6% af þeim málum sem upp koma enda með sakfellingu.

Nýleg ummæli ríkissaksóknara og yfirmanns kynferðisafbrotadeildar, sem nýverið hefur snúið aftur til starfa, þar sem ábyrgð á kynferðisbrotum er varpað yfir á þolendur, draga úr trausti almennings á því að réttlátt og fagleg vinnubrögð séu viðhöfð innan réttarvörslukerfisins. Flokksráðsfundur skorar á dómsmála- og mannréttindaráðherra að bæta meðferð kynferðisafbrotamála innan réttarvörslukerfisins og tryggja að brotþolar geti undantekningarlaust treyst á sanngjarna meðferð þessara mála.

Væðiskaupendur nafngreindir 20.11.2010

Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar–græns framboðs, haldinn í Reykjavík 19.-20. nóvember 2010, hvetur dómsmála- og mannréttindaráðherra til að tryggja að dómstólar gæti jafnræðis við nafngreiningu afbrotamanna í dómum. Það er með öllu ólíðandi að væðiskaupendur fái að stunda glæpi sína í skjóli nafnleyndar, ólíkt flestum öðrum dæmdum afbrotamönnum.

Ályktun um tekjustofna sveitarfélaga 20.11.2010

Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar–græns framboðs, haldinn í Reykjavík 19.-20. nóvember 2010, leggur áherslu á að sveitarfélögum verði gert auðveldara að verja grunnþjónustu sína á tímum tekjumissis og útgjaldaauka. Ráðherrar og þingmenn flokksins eru hvattir til að beita sér fyrir hækkun fjármagnstekjuskatts sem renni til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Þau sveitarfélög sem ekki fullnýta útsvarsheimildina njóti þó ekki góðs af þessari tekjuaukningu sjóðsins. Aðrir möguleikar á tekjuöflun sveitarfélaga verði jafnframt kannaðir svo sem aðstöðugjald, landsútsvar og umhverfisgjöld.

Ályktun um stjórnarsamstarfið, efnahagsmál og ESB 20.11.2010

Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar–græns framboðs, haldinn í Reykjavík 19.-20. nóvember 2010, lýsir eindregnum stuðningi við ríkisstjórnarsamstarf flokksins og Samfylkingarinnar.

Flokksráð fagnar þeim árangri sem ríkisstjórnin hefur náð, þrátt fyrir erfiðar aðstæður, við að ná efnahagslegum stöðugleika, en með honum er lagður grunnur að uppbyggingu íslensks samfélags upp úr frjálshyggjuhruninu. Árangurinn birtist meðal annars í lækkun verðbólgu og vaxta, sterkara og stöðugra gengi krónunnar og að kaupmáttur fer nú vaxandi á nýjan leik. Þessi árangur bendir til að á næstu misserum skapist forsendur fyrir efnahagsbata og úrbætur í kjaramálum. Mikilvægt er að sá efnahagsbati stuðli að auknum jöfnuði í lífskjörum og verði á forsendum náttúruverndar og sjálfbærni – byggi á menntun, sköpun, hugviti og fjölbreytni í atvinnumálum.

Flokksráð fagnar því að þær skattkerfisbreytingar sem gerðar hafa verið í anda stefnu Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs hafa sannað gildi sitt og hlíft þeim tekjulægstu við skattahækkunum og leitt til hlutfallslega minni skattbyrði lægri launa.

Flokksráð hvetur til að aðgerðum í þágu skuldsettra heimila og fyrirtækja verði hraðað og leitað verði allra leiða til að draga úr sársaukafyllsta niðurskurðinum í velferðarmálum, ekki síst heilbrigðismálum, án þess að markmiðum um sjálfbærni í ríkisfjármálum sé fórnað. Flokksráð leggur jafnframt áherslu á að við framkvæmd fjárlaga og undirbúning atvinnuáttaksverkefna verði sérstaklega hugað að þörfum beggja kynja og svæðum þar sem atvinnuleysi er mest.

Flokksráð áréttar þá afstöðu Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs að hagsmunum Íslands sé best borgið utan Evrópusambandsins. Flokksráð ítrekar einnig mikilvægi þess að niðurstaða þess umsóknarferlis sem nú stendur yfir verði lögð í dóm þjóðarinnar. Brýnt er að í aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslu fari fram opin og lýðræðisleg umræða í samfélaginu um kosti og galla þeirrar

niðurstöðu sem kosið verður um. Flokksráð hvetur stofnanir og kjörna fulltrúa flokksins til að taka virkan þátt í og efla þá umræðu og nálgast hana út frá grundvallarstefnu flokksins. Mikilvægt er að afstaða flokksins komi skýrt fram í þjóðmálaumræðunni í samræmi við það sem kveðið er á um í samstarfsyfirlýsingu VG og Samfylkingar. Til þess að umræðan verði í reynd sanngjörn og lýðræðisleg þarf að nást sátt um skýrar leikreglur sem tryggja jafna stöðu allra sjónarmiða og nái meðal annars utan um kostnað og fjármögnun áróðursstarfsemi. Þar til þjóðin hefur tekið sína ákvörðun þarf að tryggja að ekki verði gerðar neinar breytingar á stjórnsýslunni eða íslenskum lögum í þeim eina tilgangi að laga íslenskt stjórnkerfi fyrirfram að reglum Evrópusambandsins. Ekki verði heldur tekið við styrkjum sem beinlínis eiga að undirbúa aðild. Flokksráðið hvetur til þess að svo fljótt sem unnt er verði í viðræðuferlinu látið reyna á meginhagsmuni Íslands eins og þeim er lýst í samþykkt Alþingis.

Flokksráð hvetur forystu flokksins, ráðherra, þingmenn og aðra fulltrúa hans til að sýna samstöðu og vera á varðbergi gagnvart hatrömmum tilraunum hægriaflanna til að reka fleyg í raðir vinstrimanna. Slíkar tilraunir þjóna þeim eina tilgangi að leiða þá sem hvað mesta ábyrgð bera á hruninu aftur til valda. Baráttunni fyrir endurmótun og úrbótum í samfélaginu þarf að halda óhikað áfram og er þátttaka Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs í ríkisstjórn forsenda þess að hún vinnist.

Saksókn gegn níumeningum falli niður 20.11.2010

Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar–græns framboðs, haldinn í Reykjavík 19.-20. nóvember 2010, skorar á dómsmála- og mannréttindaráðherra að hafa, á grundvelli 29. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, frumkvæði að því að forseti Íslands stöðvi þau réttarhöld sem nú standa yfir svokölluðum „níumeningunum“ með því að saksókn fyrir meinta árás á Alþingi skuli niður falla.

Niðurskurður í heilbrigðisþjónustu verði endurskoðaður 20.11.2010

Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar–græns framboðs, haldinn í Reykjavík 19.-20. nóvember 2010, ítrekar fyrri ályktanir um mikilvægi heilbrigðisþjónustu og heilsugæslu fyrir alla landsmenn óháð búsetu.

Flokksráðsfundur beinir því til ráðherra og þingmanna að endurskoða þann niðurskurð sem boðaður er innan heilbrigðisþjónustunnar.

Þol sumra stofnana er nú þegar komið að endamörkum. Ljóst er að sumar stofnanir, þar á meðal Landspítalinn, stærsta heilbrigðisstofnun landsins, þola ekki niðurskurð umfram þann sem þegar hefur orðið án þess að alvarlega sé vegið að þjónustunni. Sýna þarf fram á að þær heilbrigðisstofnanir sem á annað borð þurfa að sæta niðurskurði séu færar um það án skerðingar þjónustu og uppsagna starfsfólks með tilheyrandi afleiddum kostnaði.

Umtalsverð skerðing á þjónustu jafnhliða fjöldauppsögnum blasir við ef ekki er að gert. Sparnaðartillögur starfsfólks verður að grandskoða áður en lengra er haldið enda er víðtækt samráð og öflug samfélagsleg umræða grunnforsenda þess að vel megi takast til við áframhaldandi þróun heilbrigðisþjónustu landsmanna.

Vinstrihreyfingin grænt framboð var stofnuð til að standa vörð um jöfnuð og velferð. Flokksráð VG leggur áherslu á að þessi stefnumarkmið birtist í verki í fjárlögum næsta árs.

Flokksráð hvetur forystu flokksins, ráðherra, þingmenn og aðra fulltrúa hans til að sýna samstöðu og vera á varðbergi gagnvart hatrömmum tilraunum hægriaflanna til að reka fleyg í raðir vinstrimanna. Slíkar tilraunir þjóna þeim eina tilgangi að leiða þá sem hvað mesta ábyrgð bera á hruninu aftur til

valda. Baráttunni fyrir endurmótun og úrbótum í samfélaginu þarf að halda óhikað áfram og er þátttaka Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs í ríkisstjórn forsenda þess að hún vinnist.

Vísao til stjórnar 20.11.2010: Landsfundur

Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar–græns framboðs, haldinn í Reykjavík 19.-20. nóvember 2010, ályktar að haldinn verði landsfundur VG eigi síðar en 15. apríl 2011. Meginmál fundarins verði umsókn um aðild að ESB, málefni Magma Energy, auðlindir Íslands og norræn velferðarstjórn.

Vísao til þingflokks 20.11.2010: Rammi fjárlaga verði endurskoðaður

Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar–græns framboðs, haldinn í Reykjavík 19.-20. nóvember 2010, beinir því til ráðherra og þingmanna VG að endurskoða frá grunni ramma fjárlaga, þ.e. þann heildarniðurskurð sem áætlaður er í velferðar- og menntamálum. Stjórnvöldum ber skylda til að leita allra leiða til að milda niðurskurðinn og endurskoða þau áform að ná jöfnuði í ríkisfjármálum á þeim skamma tíma sem upphaflega var áætlaður. Ríkisstjórninni ber að endurskoða forgangsröðun í útgjaldaliðum fjárlaga og kanna nýjar leiðir til tekjuöflunar, t.d. skattlagningu séreignarsparnaðar, svo standa megi vörð um grunnstoðir velferðarsamfélagsins.

Ályktun um stuðning við ríkisstjórnina 21.5.2011

Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn á Grand Hótelu dagana 20. til 21. maí 2011 lýsir yfir stuðningi við ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs og hvetur þingmenn flokksins til áframhaldandi góðra verka í þágu lands og þjóðar.

Meirihlutastjórn Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs og Samfylkingar hefur nú starfað í rúm tvö ár og kjörtímabilið er hálfnað. Á undan fór samstarf flokkanna í minnihlutastjórn frá 1. febrúar 2009 og fram á vor. Þessi tími hefur að sjálfsögðu markast mjög af þeim erfiðu og fordæmalausu aðstæðum sem uppi voru þegar efnt var til stjórnarsamstarfsins og glímunni við margvíslegar afleiðingar efnahagshrunsins. Má þar helst nefna erfiða stöðu ríkissjóðs, endurreisn bankanna og efnahagsmál almennt, stóraukið atvinnuleysi, skuldavanda heimila og fyrirtækja, Icesave-málið og fleira. Ekkert þessara mála hefur þó reynst flokknum eða ríkisstjórninni ofviða og þvert á allar hrakspár verður endurmótunarstarfinu haldið markvisst áfram. Horfur fara nú batnandi og staða Íslands er orðin allt önnur og betri en þegar hér var allt eins búist við þjóðargjaldþroti fyrir tveimur árum.

Á þessum rúmu tveimur árum hefur einnig náðst ótvíræður árangur í fjölda mála sem eru í samræmi við stefnu Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs. Má þar meðal annars nefna róttækar breytingar á skattakerfinu sem miða að því að verja kjör þeirra sem minnstar tekjur hafa og dreifa skattbyrðinni á réttlátan hátt. Aukinna tekna hefur verið aflað með hækkun skatta á fjármagnstekjur, hagnað fyrirtækja og stóreignafólk, kolefnisskattur og breytt skattlagning umferðar hafa gert skattkerfið grænna, fyrstu skrefin hafa verið stigin í átt að kynjaðri hagstjórn, hlúð er að nýsköpun með skattaívilnunum og auðlindagjöld hafa verið og verða áfram aukin. Þá hafa verið gerðar ýmsar breytingar í mannréttinda- og dómsmálum sem varða skipan dómara, ein hjúskaparlög, sænsku leiðina í vændiskaupum, aðgerðaáætlun í mansali og umbætur í málefnum útlendinga. Frumvarp um austurrísku leiðina hefur verið lagt fram. Átak hefur verið boðað í vegaframkvæmdum á Vestfjörðum auk ýmissa samgönguframkvæmda um land allt.

Í menntamálum hafa verið unnar nýjar aðalnámskrár þar sem inn koma nýir grunnþættir í menntastefnu landsins, þ.á m. lýðræðismenntun, menntun til sjálfbærni og jafnréttismenntun. Í

frumvarpi sem vonandi verður að lögum innan fárra daga er staða íslenskrar tungu fest í sessi og táknið viðurkennt sem fyrsta mál heyrnarlausra og heyrnarskertra. Ráðist hefur verið í áttak til að opna framhaldsskólana og grunnframfærsla Lánasjóðs íslenskra námsmanna hefur verið hækkuð um þriðjung á þessum tveimur árum auk þess sem hin óréttláta krafa um ábyrgðarmenn á námslánum sem vann gegn jafnrétti til náms hefur verið afnumin. Þá hefur náðst samkomulag við sveitarfélögin um að ríkið taki við framhaldsstigi í tónlistarnámi og efli það sem hefur lengi verið á stefnuskrá Vinstri-grænna.

Í umhverfismálum hefur mikill árangur náðst, m.a. með því að veita fjármagni til úrbóta á friðlýstum svæðum, friðlýsingu Langasjávar og staðfestingu verndaráætlana Vatnajökulsþjóðgarðs og Mývatns og Laxár. Þá hefur verið mælt fyrir frumvarpi um fullgildingu Árósasamningsins.

Fundurinn ítrekar andstöðu flokksins við aðild Íslands að ESB.

Samningar hafa náðst á almennum vinnumarkaði með áherslu á bætt kjör láglaunahópa. Mikill árangur í ríkisfjármálum á fyrri hluta kjörtímabilsins og það hvernig tekist hefur að draga úr hallarekstri ríkissjóðs gerir nú kleift að skila sambærilegum hækkunum til tekjulægstu hópa samfélagsins og um samdist í almennum kjarasamningum.

Það er þó ljóst að lægstu tekjur eru ennþá lægri en viðunandi getur talist og mikilvægt að úr því verði bætt eins hratt og hægt er.

Stóraukin framlög til vaxtabóta upp á 36 milljarða króna samtals árin 2011 og 2012 handa skuldsettum heimilum ásamt auknum kaupmætti vegna kjarasamninga eru mikilvægar vörður á leið landsins frá efnahagshruninu 2008.

Nú skiptir miklu að ljúka samningum við opinbera starfsmenn og tryggja að vinna undanfarinna tveggja ára skili sér í áframhaldandi árangri á síðari hluta kjörtímabilsins.

Fundurinn fagnar enn fremur nýjum frumvörpum um grundvallarkerfisbreytingu á fiskveiðistjórnunarkerfinu þar sem m.a. óumdeild yfirráð íslensku þjóðarinnar á nytjastofnum á Íslandsmiðum eru tryggð, meint eignaréttarlegt samband útgerða á nytjastofnum landsins er rofið og strandveiðar og byggðatenging aflaheimilda aukin. Ríkisstjórnin er hvött til að hvika ekki frá áformum um að koma þeim breytingum í heila höfn.

Fundurinn ítrekar stuðning við ríkisstjórnina og þátttöku Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs í henni og mikilvægi þess að áfram verði unnið að vinstri-grænum málum á vettvangi landsmálanna.

Ályktun vegna hernaðaraðgerða NATO í Libýu 21.5.2011

Flokksráð VG fordæmir loftárásir NATO á Libýu og skorar á þingmenn VG að bera fram á Alþingi þingsályktunartillögu þar að lútandi. Árásir á borgaraleg skotmörk, morðárásir á heimili fólks og dráp eru óverjandi. Jafnframt ítrekar flokksráðið andstöðu VG við aðild Íslands að NATO. NATO er heimsvaldasinnað hernaðarbandalag sem hefur orðið æ árásargjarnara í seinni tíð og þetta eðli þess setur ævinlega mark sitt á hernaðaraðgerðir þess þótt þær séu undir yfirskini friðargæslu eða verndar almennra borgara. Flokksráðið fagnar því að send hefur verið til allra alþingismanna tillaga til þingsályktunar um úrsögn Íslands úr NATO.

Skipun nefndar sem endurskoði skipulag VG 21.5.2011

Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn í Reykjavík dagana 20. -21. maí 2011 felur stjórn flokksins að skipa fimm manna nefnd sem hafi það hlutverk að endurskoða skipulag flokksins með það að markmiði að styrkja og efla í hvívetna samskipti, tengsl og áhrif stofnana hans s.s. sveitarstjórnarfólks, svæðisfélaga, flokksráðs, stjórnar flokksins og þingflokks.

Einarður stuðningur flokksráðs VG við ríkisstjórn vinstriflokkanna 21.5.2011

Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, haldinn í Reykjavík dagana 20. – 21. maí 2011, ítrekar einarðan stuðning sinn við ríkisstjórn vinstriflokkanna. Flokksráðsfundurinn minnir þingmenn, ráðherra sem og aðra kjörna fulltrúa Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs á þá ófrávíkjanlegu lýðræðisskyldu þeirra að fylgja í hvívetna stefnu flokksins.

Stefna flokksins grundvallast hverju sinni á ákvörðunum stofnanna flokksins þ. e. landsfundar, flokksráðs, stjórnar, svæðisfélaga og bæjarmálaráða. Fundurinn hvetur til fyllstu samstöðu og einingar allra vinstri- og umhverfisverndarsinna til stuðnings ríkisstjórninni í ötulli baráttu hennar fyrir bættu samfélagi á erfiðum tímum.

Flokksráð VG ítrekar það að Vinstrihreyfingin-grænt framboð er opinn lýðræðislegur stjórnmalaflokkur þar sem ákvarðanir eru teknar á lýðræðislegum forsendum af þar til lýðræðislega kjörnum stofnunum flokksins. Allir flokksmenn skulu jafnir og skulu hafa sömu möguleika hvað það varðar að koma skoðunum sínum á framfæri innan flokksins. Ákvörðunum teknum af stofnunum flokksins skulu allir þeir hlíta sem telja vilja sig fulltrúa Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs og þar með kjósenda flokksins. Samskipti flokksmanna VG skulu einkennast af gagnkvæmri virðingu, ást og kærleika, slíkt er forsenda þess að okkur muni takast að byggja réttlátt samfélag.

Stuðningur við almenningssamgöngur 21.5.2011

Flokksráðsfundur VG haldinn 20. til 21. maí 2011 fagnar frumkvæði innanríkisráðherra um stuðning við almenningssamgöngur. Óhófleg notkun einkabílsins er óhagkvæm fyrir þjóðarheildina og hefur í för með sér sóun náttúrugæða. Nauðsynlegt er að opinberir aðilar, ríki og sveitarfélög, tryggi gott kerfi almenningssamgangna þannig að slíkur samgöngumáti verði raunhæfur valkostur fyrir alþýðu manna. Flokksráð VG skorar á ríkisstjórnina að beita sér fyrir stóratáki til að efla almenningssamgöngur og hvetja til notkunar þeirra.

Vísað til nefndar um skipulag VG ásamt breytingartillögum sem bárust: Vegur lýðræðis er eini færi vegurinn til farsællar framtíðar 21.5.2011

Flokksráðsfundur VG, haldinn í Reykjavík dagana 20. -21. maí 2011 lítur svo á að Alþingis- og sveitarstjórnarmenn, þeir er kjörnir voru til setu á Alþingi 2009 og í sveitarstjórnnum 2010, af framboðslistum Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, séu fulltrúar og skuli vera fulltrúar VG og stefnu þess á kjörtímabilinu. Alþingis- og sveitarstjórnarmenn þessir skulu því lúta lýðræðislegum leikreglum flokksins í öllu. Vinstrihreyfingin – grænt framboð er lýðræðislegt stjórnmalaafl, sem starfar eingöngu með lýðræðislegum hætti, þar sem allir flokksmenn eru jafnir í óskeikulli baráttu fyrir markmiðum flokksins. Markmið VG eru: jafnrétti, jöfnuður, réttlæti, kvenfrelsi, umhverfis- og náttúruvernd, lýðræði, sjálfstæði þjóðarinnar og friðsamleg sambúð þjóða.

Ályktun um stuðning við ríkisstjórnina 27.8.2011

Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn á Grand Hótelu dagana 26. og 27. ágúst 2011 ítrekar stuðning við ríkisstjórn Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs og Samfylkingar.

Meirihlutastjórn Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs og Samfylkingar hefur nú starfað í rúm tvö ár en á undan fór samstarf flokkanna í minnihlutastjórn frá 1. febrúar 2009 og fram á vor sama ár.

Þó að mest hafi farið fyrir björgunaraðgerðum eftir efnahagshrun hefur á þessum rúmu tveimur árum náðst ótvíræður árangur í fjölda mála sem eru í samræmi við stefnu Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs og hefur hann verið margítrekaður á þessum vettvangi, t.a.m í skattamálum, mannréttinda- og dómsmálum, umhverfismálum, menntamálum og málefnum Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Fundurinn fagnar sérstaklega þeim tímamótum sem hafa orðið með því að Ísland hefur nú með árangursríkum hætti lokið samstarfsáætluninni við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Öll megin markmið áætlunarinnar hafa náð fram að ganga. Sá ótvíræði árangur sem náðst hefur við efnahagslega endurreisn landsins er þannig staðfestur.

Mestu skiptir hins vegar að líta fram á veginn. Umtalsverður árangur hefur náðst í glímunni við atvinnuleysið. Fundurinn beinir því til kjörinna fulltrúa flokksins að leggja áherslu á fjölbreytta atvinnuuppbyggingu og gæta sérstaklega að byggða og kynjasjónarmiðum. Flokksráðsfundur hvetur ríkisstjórnina til að ljúka vinnu við grundvallarkerfisbreytingu á fiskveiðistjórnunarkerfinu þar sem óumdeild yfirráð íslensku þjóðarinnar á nytjastofnum á Íslandsmiðum verði tryggð og meintur eignaréttur útgerða á nytjastofnum landsins heyri sögunni til. Um leið er mikilvægt að skapa sjávarútveginum stöðugt og hagstætt starfsumhverfi og tryggja hagsmuni landsbyggðarfólks og sjávarbyggða.

Fundurinn brýnir jafnframt ríkisstjórnina á sviði kvenfrelismála. Nauðsynlegt er að tryggja sem jafnasta aðkomu beggja kynja alls staðar þar sem ráðum er ráðið, m.a. á vettvangi ríkisins. Ljúka þarf innleiðingu á kynjaðri hagstjórn og grípa til allra tiltækra aðgerða til að útrýma kynbundnu ofbeldi þ.m.t. aðgerðir gegn klámi, vændi og mansali.

Fundurinn leggur áherslu á að ríkisstjórnin standi vörð um eign þjóðarinnar á orkuverum og orkuauðlindum og kjörnir fulltrúar Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs vinni að þeim markmiðum, meðal annars í þeirri vinnu sem framundan er við stjórnarskrá landsins.

Þá hvetur flokksráðsfundur til þess að lög um Ríkisútvarpið verði endurskoðuð til að efla þar lýðræðislegt stjórnarfyrikomulag og tryggja að stofnunin geti sinnt hlutverki sínu sem ein öflugasta menningarstofnun þjóðarinnar.

Ennfremur að Vinstrihreyfingin – grænt framboð standi áframhaldandi öflugan vörð um náttúru og umhverfi, ekki síst við afgreiðslu rammaáætlunar um verndun og nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

Fundurinn ítrekar stuðning við ríkisstjórnina og þátttöku Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs í henni og mikilvægi þess að áfram verði unnið að vinstri-grænum málum á vettvangi landsmálanna.

Ályktun um náttúruvernd og Rammaáætlun 27.8.2011

Drög að þingsályktunartillögu um Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúruauðlinda eru nú í umsagnarferli og vinnslu hjá umhverfis- og iðnaðarráðherra.

Margt hefur áunnist í ferli Rammaáætlunar, s.s. Þjósárver, Torfajökull, Kerlingarfjöll, Gjástykki og fleiri svæði sem flokkur hafa verið í verndarflokk en baráttunni er ekki lokið.

Drögin gera ráð fyrir því að þrjár virkjanir í byggð í neðri hluta Þjórsár fari í nýtingarflokk. Flokksráðsfundur VG haldinn í Reykjavík 26. – 27. ágúst telur að færa verði þessar virkjanahugmyndir í biðflokk vegna skorts á rannsóknum á mikilvægum sviðum.

Viðurkennt er að rannsóknir skortir á einstökum laxastofni Þjórsár, á lífríki flestra eyja árinna, á uppfoki úr árfarveginum við minnkað rennsli árinna, á grunnvatnstöðu á Skeiðum og í Flóa og á lífríki sjávar. Landslagsrannsóknir eru ófullnægjandi og af vanefnum gerðar.

Síðast en ekki síst hafa samfélagsleg áhrif virkjana í byggð ekki verið rannsökuð en þau eru þegar veruleg og neikvæð í byggðunum við ána. Áhrif á samfélag eru ein af grunnstöðum sjálfbærni, en ríkisstjórnin leggur mikla áherslu á að starfa í anda sjálfbærni. Flokksráðsfundur Vinstri grænna í ágúst 2011 telur mikilvægt að ekki verði farið í virkjanaframkvæmdir í byggð við Þjórsá án fullnægjandi rannsókna á öllum þessum þáttum.

Fundurinn hvetur jafnframt þingmenn og ráðherra til að standa vörð um Jökulsárnar í Skagafirði, Skjálfandafliót, Skaftá og Hólmsá sem nú eru á barmi nýtingar, sem og Stóru Sandvík á Reykjanesi sem nánast engin umræða hefur farið fram um. Þingmenn og ráðherrar eru brýndir til að halda á lofti því sem einkennir málstað Vinstri grænna í umhverfismálum í samstarfi við Samfylkinguna í ríkisstjórn.

Stjórnsýsla umhverfis- og auðlindamála 27.8.2011

Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs haldinn í Reykjavík 26.-27. ágúst 2011 hvetur þingmenn og ráðherra Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs til að stíga mikilvæg skref til eflingar stjórnsýslu umhverfis- og auðlindamála.

Mestu skiptir að áform um að færa umsýslu auðlindamála til umhverfisráðuneytisins nái fram að ganga eins og fjallað er um í stefnu flokksins og samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Einnig er mikilvægt að starfsemi Umhverfisstofnunar verði tekin til skoðunar og hún eflað með það markmiði að hún njóti trausts sem eftirlits- og umsýslustofnun á sviði umhverfismála.

Ályktun um loftárásir NATO á Líbíu 27.8.2011

Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn 26.-27. ágúst 2011 vísar til ályktunar frá fundi sínum 20.- 21. maí 2011 og ítrekar fordæmingu sína á loftárásum Atlantshafsbandalagsins á Líbíu. Fundurinn beinir því til Alþingis að skipuð verði rannsóknarnefnd til að rannsaka aðdraganda þess að Ísland samþykkti þessar aðgerðir. Þessar árásir beindust meðal annars að borgaralegum skotmörkum og ollu miklu tjóni og dauða fjölda óbreyttra borgara. Hvort með þeim hafi verið komið í veg fyrir verra ástand er ómögulegt að segja en hins vegar er ljóst að heimsvaldahagsmunir vestrænna ríkja og ekki síst olíuhagsmunir réðu miklu þessar aðgerðir. Fundurinn lýsir yfir stuðningi við alþýðu Líbíu og fordæmir hvers kyns kúgun og arðrán þar sem annars staðar. Jafnframt fagnar fundurinn þingsályktunartillögu þingmanna VG um úrsögn úr Atlantshafsbandalaginu sem lögð var fram á Alþingi 30. maí síðastliðinn.

Kjörnir fulltrúar VG standi vörð um velferðarþjónustu 27.8.2011

Flokksráðsfundur VG, haldinn 26. til 27. ágúst 2011 beinir því til þingflokksins og sveitarstjórnarfólks að við komandi fjárlaga- og fjárhagsáætlanagerð verði staðinn vörður um menntakerfið og velferðarþjónustuna. Einnig tryggi þeir að bóta- og lífeyrisþegar verði ekki fyrir frekari kjaraskerðingum en orðið er.

Flokksráðsfundurinn bendir á að velferðarþjónustan sé komin að þolmörkum og hækkun skatta sér farsælli leið til að tryggja velferðarkerfið en áframhaldandi niðurskurður. Þá hvetur fundurinn ríkisstjórn og sveitarstjórnir til að standa fast gegn frekari markaðsvæðingu í velferðarþjónustunni.

Purfi að skera niður verði fyrst borið niður í stjórnsýslunni.

Ályktun um flóttamenn og hælisleitendur 27.8.2011

Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, haldinn að Hótel Loftleiðum 26.-27. ágúst 2011 fagnar því að innanríkisráðherra hafi sett á fót starfshóp um málefni útlendinga utan evrópska efnahagssvæðisins, en bendir á að æskilegt sé að fulltrúar félagasamtaka sem vinna með innflytjendum, hælisleitendum og flóttamönnum (s.s. Rauði kross Íslands) eigi beina aðkomu að hópnum sem er skipaður fulltrúum þriggja ráðuneyta. Fundurinn hvetur innanríkisráðherra til að bæta við fulltrúum slíkra félagasamtaka í starfshópinn.

Verkefni starfshópsins er að móta stefnu fyrir stjórnvöld í málefnum útlendinga utan EES sem leita hælís eða óska eftir dvöl á Íslandi. Við mótnun slíkrar stefnu verður pólitísk stefna Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs um mannúð, réttlæti og félagslega alþjóðahyggju að vera í öndvegi. Flokksráðsfundur leggur áherslu á að hælisleitendum verði tryggð skjót og réttlát málsmeðferð. Fundurinn ályktar að innanríkisráðherra beiti sér fyrir því að úttekt verði gerð á vinnubrögðum Útlendingastofnunar í málefnum hælisleitenda, vegna mikillar gagnrýni sem stofnunin hefur sætt síðustu misseri. Mikilvægt er að traust ríki á stofnuninni, enda er hún ábyrg fyrir ákvörðunum sem eru lífsspursmál fyrir margt fólk.

Flokksráðsfundur telur brýnt að Ísland axli ábyrgð í alþjóðasamfélaginu þegar kemur að málefnum flóttamanna, og leggur til að mótaðar verði nýjar reglur sem gera ráð fyrir að tekið verði við ákveðnum lágmarksfjölda pólitískra flóttamanna á ári, t.d. 20 manns að lágmarki ár hvert (hælisleitendum þar á meðal).

Ályktun um dýralæknaþjónustu 27.8.2011

Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs, haldinn á Hótel Loftleiðum 26. og 27. ágúst 2011, beinir því til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að hann beiti sér fyrir frestun á gildistöku III. kafla laga nr. 143/2009 er varðar breytingar á lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr og taka á gildi 1. nóvember nk. Jafnframt beiti ráðherra sér fyrir því að áðurgreindum lagakafla verði breytt á þann veg að búfjár- og dýraeigendum á landinu öllu verði til frambúðar, af hálfu ríkisins, tryggð fullnægjandi dýralæknaþjónusta, sem sé hið minnsta af samsvarandi gæðum og sú þjónusta sem héraðsdýralæknar hafa veitt til þessa.

Greinargerð: Þegar áðurgreind lög koma að fullu til framkvæmda mun dýralæknaþjónusta dragast stórlega saman. Embætti héraðsdýralækna verða þá lögð niður í núverandi mynd en héraðsdýralæknum gert eftir breytinguna að sinna aðeins eftirlitsstörfum en ekki lækningum. Við þessa breytingu mun víða um landið skapast mikil óvissa um aðgengi að dýralæknaþjónustu, en sjálfstæðum stofnustofum virðist ætlað að leysa núverandi fyrirkomulag af hólmi. Með því er heilbrigðisþjónusta við dýr, bæði búfé og gæludýr, í raun einkavædd og henni teflt í mikla tvísýnu, einkum í dreifðari byggðum. Fyrirséð er að fyrir marga sem þurfa á þjónustu dýralækna að halda, jafnt bændur sem gæludýraeigendur, verður um langan veg að fara eftir lyfjum og þjónustu. Afleiðing þessara breytinga mun m.a. koma fram í verra heilbrigði búfjár, sem síðan mun leiða til hærri framleiðslukostnaðar í búfjárrækt vegna aukinna affalla og meiri kostnaðar við lyf og þjónustu.

Hitaveita Suðurnesja í almannaeigu 27.8.2011

Flokksráðfundur VG, haldinn á Hótel Loftleiðum 26. – 27. ágúst 2011 skorar á þingflokk og ráðherra VG að koma Hitaveitu Suðurnesja aftur í almenningseigu, enda er það í fullu samræmi við stefnu flokksins og ríkisstjórnarinnar um þjóðareign á auðlindum.

Ályktun um húsnæðismál – vísað til stjórnar til undirbúnings fyrir landsfund 27.8.2011

Flokksráðsfundur VG haldinn á Hótel Loftleiðum 26-27 ágúst 2011 ítrekar ályktun Landsfundar 2009 um félagslegar aðgerðir í húsnæðismálum. Brýnt er að sú vinna sem þegar hefur verið lögð í greiningu á húsnæðismarkaðnum sé fylgt eftir með raunverulegum aðgerðum til þess að renna styrkari stoðum undir starfssemi húsnæðissamvinnufélaga og annarra leigufélaga. Markmið slíkra aðgerða þarf að vera að skapa öflugan leigu-og kaupleigumarkað sem mótvægi við sjálfseignarmarkaðinn.

Ályktun um barnalagafrumvarp – vísað til stjórnar til undirbúnings fyrir landsfund 27.8.2011

Flokksráðsfundur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, haldinn í Reykjavík 26.-27. ágúst 2011, áréttar mikilvægi þess að vel sé vandað til verka við setningu nýrra barnalaga en frumvarp til þeirra liggur nú fyrir Alþingi. Fundurinn tekur undir þau sjónarmið sem innanríkisráðherra hefur sett fram og lúta að því að lögfesta ekki að svo stöddu heimild fyrir dómara til að dæma sameiginlega forsjá.

Á Íslandi er sameiginleg forsjá nú meginregla við sambandsslit foreldra. Þegar foreldrar deila lýkur þeim málum oftast með sátt á einhverju stigi og í barnalagafrumvarpinu er kveðið á um aukna sáttameðferð fyrir foreldra. Því ber sérstaklega að fagna enda hlýtur það að vera barni fyrir bestu að foreldrar nái sátt um forsjá og umgengi. Aukin áhersla og stuðningur við sáttferli er mikilvægt skref. Í þeim fáu forsjárdeilum sem enda með dómi er ljóst að ágreiningur er svo mikill að foreldrum er illmögulegt að starfa saman með þeim hætti sem sameiginleg forsjá kveður á um.

Flokksráðsfundur hvetur jafnframt innanríkisráðherra og þingflokk VG til að huga alvarlega að þeim lagaákvæðum sem heimila foreldri að krefjast þess að lögregla fari inn á heimili barna og nái í þau til að koma á umgengni. Slíkt getur aldrei verið barni fyrir bestu, jafnvel þótt forsagan kunni að fela í sér mikla ósannngirni gagnvart öðru foreldrinu.

Ályktun um fjármálastofnanir – vísað til stjórnar til undirbúnings fyrir landsfund 27.8.2011

Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn 26.-27. ágúst 2011 telur að tryggja verði að Landsbankinn og Íbúðalánasjóður verði að áfram í eigu ríkisins og að mögulegt verði að halda uppi rekstri sparisjóða á grundvelli samvinnureksturs.

Yfirráð ókjörinna einstaklinga yfir fjármagninu takmarkar lýðræðið og veldur misskiptingu. Það er meðal annars af þessum ástæðum sem mikilvægt er að fjármálafyrirtæki og -stofnanir séu að sem mestu leyti í höndum almennings eða opinberra aðila. Það var von margra að með efnahagshruninu 2008 yrðu fjármálafyrirtækin endurheimt úr höndum einkaaðila, í það minnsta að hluta eftir því sem aðstæður leyfðu. Eins og staðan er nú er mikilsvært að í það minnsta einn almennur banki sé ríkiseigu og að möguleikar á samvinnurekstri, þ.e. rekstri sparisjóða, séu tryggðir.

Ályktun um verndun lífríkis Faxaflóa – vísað til starfshóps um Græna framtíð til undirbúnings fyrir landsfund 27.8.2011

Flokksráðsfundur VG ályktar að auka og vernda lífríki Faxaflóa með því að takmarka eða hætta notkun stórvirkra veiðarfæra og huga að því hvernig megi stækka friðunarsvæði hvals á svæðinu.

Um orkusparandi umferðalög og gatnakerfi – vísað til starfshóps um Græna framtíð til undirbúnings fyrir landsfund 27.8.2011 (hraðahindranir versus hraðastýrur)

Notkun dagljósabúnaðar bifreiða yfir sumartíma myndi spara töluverða orku í rafmagnsframleiðslu og bensín bílaflotans yfir björtustu mánuði ársins. Aðrar leiðir eru jafnframt færar til orkusparnaðar.

Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs hvetur Innanríkisráðherra til að gera úttekt á því hversu mikill sparnaður gæti falist í því að nota ekki orkueyðandi hraðahindranir heldur leitast við að nota hraðahindranir sem spara orku.

Frá Stjórn VG á Suðurnesjum – vísað til þingflokks í ljósi þess að rannsókn hefur nú þegar verið samþykkt á falli Sparisjóðanna 27.8.2011

Flokksráðfundur VG, haldinn á Hótel Loftleiðum 26. – 28. ágúst 2011 beinir því til ráðherra og þingmanna flokksins að þeir standi vörð um gefin loforð um aukið gagnsæi í stjórnsýslunni. Í síðustu kosningabaráttu lýstu báðir stjórnarflokkarnir því yfir að rannsóknir á falli banka og sparisjóða yrðu gerðar opinberar. Við fall Sparisjóðs Keflavíkur misstu margir einstaklingar aleiguna og sitja jafnvel uppi með stórar skuldir á bakinu. Í ljósi þessa krefst fundurinn þess að rannsókn sú sem framkvæmd var fyrir slitastjórnina og er nú í höndum FME verði gerð opinber og hvetur þingflokk og ráðherra VG til þess að beita sér fyrir því.

Frá Stjórn VG á Suðurnesjum – vísað til stjórnar 27.8.2011

Flokksráðfundur VG, haldinn á Hótel Loftleiðum 26. – 28. ágúst 2011, skorar á stjórnvöld að taka þegar í stað ákvörðun um að flytja hingað til Suðurnesja Landhelgisgæsluna og starfsemi henni tengda, þar sem húsnæði bíður nánast tilbúið.